Nr. 800 24. júní 2024

# REGLUR

**um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um endurbótaáætlanir og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.**

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um nánari framkvæmd varðandi endurbótaáætlanir vegna laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og varðandi skilameðferð vegna laga nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.

2. gr.

*Innleiðing reglugerða.*

Með reglum þessum öðlast gildi eftirtaldar reglugerðir Evrópusambandsins, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið og bókun 1 við EES-samninginn:

a. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1075 frá 23. mars 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina inntak endurbótaáætlana, skilaáætlana og skilaáætlana samstæðu, lágmarksviðmið sem lögbært yfirvald á að meta að því er varðar endurbótaáætlanir og endurbótaáætlanir samstæðu, skilyrði fyrir fjárstuðningi innan samstæðu, kröfur til óháðra matsaðila, samningsbundna viðurkenningu á niðurfærslu- og umbreytingarheimildum, verklag og inntak tilkynningarskyldu og tilkynningar um frestun og rekstrarlega starfsemi skilaráðanna, með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2019 frá 27. september 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 3 frá 5. janúar 2023, bls. 58-61. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 37 frá 27. maí 2021, bls. 132-202.
b. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1400 frá 10. maí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina lágmarksatriði áætlunar um endurskipulagningu rekstrar og lágmarksinnihald framvinduskýrslna vegna framkvæmdar áætlunarinnar, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2019 frá 27. september 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 3 frá 5. janúar 2023, bls. 58-61. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 34 frá 12. maí 2021, bls. 352-357.
c. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1624 frá 23. október 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklagsreglur og stöðluð eyðublöð og sniðmát fyrir tilhögun upplýsingamiðlunar að því er varðar skilaáætlanir fyrir lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1066 með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2020 frá 12. júní 2020 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 22 frá 16. mars 2023, bls. 22-23. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 55 frá 26. ágúst 2021, bls. 147-211.
d. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/348 frá 25. október 2018 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind eru viðmið til að meta hvaða áhrif fall stofnunar hefur á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir og aðstæður til fjármögnunar, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2020 frá 12. júní 2020 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 22 frá 16. mars 2023, bls. 22-23. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 37 frá 27. maí 2021, bls. 100-110.
e. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/622 frá 15. apríl 2021 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar samræmd skýrslusniðmát, fyrirmæli og aðferðafræði um hvernig gefa eigi skýrslu um lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 248/2022 frá 23. september 2022 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 31 frá

20. apríl 2023, bls. 41-42. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 92 frá 20. desember 2023, bls. 97-110.

f. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/763 frá 23. apríl 2021 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar skýrslugjöf til eftirlitsyfirvalda og opinbera birtingu á lágmarkskröfunni um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 325/2022 frá 9. desember 2022 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 48 frá 29. júní 2023, bls. 58-59. Reglugerðin er birt í fylgiskjali með reglum þessum.

g. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1340 frá 22. apríl 2021 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir ákvörðun á innihaldi samningsskilmála um viðurkenningu á heimildum til að fresta skilameðferð, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 248/2022 frá 23. september 2022 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 31 frá 20. apríl 2023, bls. 41-42. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 73 frá 12. október 2023, bls. 156-158.

h. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1527 frá 31. maí 2021 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir samningsbundna viðurkenningu á niðurfærslu- og umbreytingarheimildum, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2024 frá 2. febrúar 2024. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 25 frá 21. mars 2024, bls. 399-402.

i. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1751 frá 1. október 2021 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar samræmd snið og sniðmát fyrir tilkynningar um ákvörðun á því hve óframkvæmanlegt er að fella inn samningsbundna viðurkenningu á niðurfærslu- og umbreytingarheimildum, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 183/2022 frá 10. júní 2022 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 66 frá 13. október 2022, bls. 29-30. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 73 frá 12. október 2023, bls. 37-50.

j. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/365 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1624 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklagsreglur, stöðluð eyðublöð og sniðmát fyrir tilhögun upplýsingamiðlunar að því er varðar skilaáætlanir fyrir lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 183/2022 frá 10. júní 2022 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 66 frá 13. október 2022, bls. 29-30. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 73 frá 12. október 2023, bls. 51-95.

### 3. gr.
*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar með stoð í 5. mgr. 9. gr., 8. mgr. 10. gr., 3. mgr. 11. gr., 3. mgr. 12. gr., 3. mgr. 13. gr., 3. mgr. 14. gr., 4. mgr. 22. gr., 10. mgr. 23. gr., 36. gr., 9. mgr. 60. gr., 4. mgr. 78. gr. a og 5. mgr. 89. gr. laga nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og 4. mgr. 82. gr. a, 3. mgr. 82. gr. b, 3. mgr. 82. gr. e og 2. mgr. 109. gr. r laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Reglurnar öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglnanna falla úr gildi reglur nr. 666/2021 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins varðandi tæknilega staðla um skilameðferð og endurbótaáætlanir lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og reglur nr. 398/2023 um upplýsingagjöf varðandi skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.

*Seðlabanka Íslands, 24. júní 2024.*

**Ásgeir Jónsson**
seðlabankastjóri.

**Rannveig Júníusdóttir**
framkvæmdastjóri.

# Fylgiskjal.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/763**

**frá 23. apríl 2021**

**um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar skýrslugjöf til eftirlitsyfirvalda og opinbera birtingu á lágmarkskröfunni um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum fimmtu undirgrein 7. mgr. 430. gr. og fimmtu undirgrein 434. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012([2]), einkum 5. og 6. mgr. 45. gr. i,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Samræmt lágmarksstig skilmálaskjalsins um heildartapþol („TLAC-staðallinn“) fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (G-SIIs) („krafan um heildartapþol“) hefur verið innleitt í löggjöf Sambandsins með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 ([3]), um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Sértækri viðbótarkröfu fyrir hverja stofnun sem er kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu og sértækri kröfu fyrir hverja stofnun sem ekki er kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu, sett fram sem lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL), hefur verið komið á með markvissum breytingum á tilskipun 2014/59/ESB og innleiddar með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/879 ([4]). Skýrslugjafarskyldur og birtingarkröfur fyrir bæði TLAC-staðalinn og lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar hafa nú verið teknar upp í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2014/59/ESB, eftir því sem við á.

2) Þar sem TLAC-staðallinn og lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar stefna að sama markmiði, þ.e. að tryggja að stofnanir og aðilar með staðfestu í Sambandinu hafi nægilegt tapþol og endurfjármögnunargetu, ættu þessar tvær kröfur að vera hvor annarri til fyllingar innan sameiginlegs ramma. Því er rétt að koma á sniðmátum fyrir skýrslugjöf og opinbera birtingu samræmdra upplýsinga um kröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og mikilvæg dótturfélög kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu utan Sambandsins (heildartapþol (TLAC)) og um sértæku lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrr hverja stofnun sem gilda um allar stofnanir.

3) Til að stuðla að samanburðarhæfi upplýsinga er drögunum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum, sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) á að þróa til að koma á samræmdu sniði fyrir birtingu upplýsinga, skv. 434. gr. a reglugerðar (EBE) nr. 575/2013, ætlað að viðhalda samræmi sniða fyrir upplýsingagjöf við alþjóðlega staðla um birtingu upplýsinga. Baselnefndin um bankaeftirlit (BCBS) birti í desember 2018 uppfærðar kröfur um upplýsingagjöf fyrir stoð 3, þ.m.t. kröfur um upplýsingagjöf um heildartapþol. Sniðin fyrir birtingu upplýsinga og tengdar leiðbeiningar sem sett eru fram í þessari reglugerð ættu því að vera í samræmi við þessar uppfærðu kröfur um upplýsingagjöf frá Baselnefndin um bankaeftirlit.

4) Til að tryggja að kostnaður við reglufylgni fyrir stofnanir hækki ekki óhóflega og gæðum gagna sé viðhaldið, ætti að samræma innihald skýrslugjafar- og birtingarskyldna eins og mögulegt er, þ.m.t. tíðni þeirra. Enn fremur er þess sérstaklega krafist í þriðju undirgrein 5. mgr. 45. gr. i og þriðju undirgrein 6. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB að með tæknilegu framkvæmdarstöðlunum séu skýrslugjafar- og birtingarskyldur fyrir heildartapþol og lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar samræmdar. Því er rétt að setja fram, í einni reglugerð, staðla sem gilda bæði um skýrslugjöf og birtingu upplýsinga um heildartapþol og lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. Á sama tíma ætti að aðlaga eins og við á sundurgreinanleika og tíðni bæði skýrslugjafar og birtingu upplýsinga, með hliðsjón af kröfunum sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og í tilskipun 2014/59/ESB, eftir því sem við á, og nauðsynjar þess að tryggja að stofnanir uppfylli þessar kröfur á öllum tímum.

5) Í tilskipun 2014/59/ESB er þess krafist að upplýsingar um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar séu tilkynntar til bæði lögbærra yfirvalda og skilastjórnvalda. Í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er þess krafist að upplýsingar um heildartapþol séu tilkynntar til lögbærra yfirvalda eingöngu. Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. d tilskipunar 2014/59/ESB samanstendur lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir skilaaðila sem er kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu eða hluti kerfislega mikilvægrar stofnunar á alþjóðavísu af kröfunni um heildartapþol og öllum viðbótarkröfum. Því er rétt að tryggja að skilastjórnvöld afli upplýsinga um heildartapþol frá kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu sem hluta af skýrslugjöf þeirra um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á fyrirkomulag sem lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld koma á til að lágmarka gagnaflæði.

6) Af ástæðum er varða samanburðarhæfi og réttarvissu er þess krafist í 5. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB að í drögunum að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin á að þróa sé tilgreint hvernig veita eigi, með stöðluðum hætti, upplýsingar um forgangsröðun eiginfjárgrunns og eftirgefanlegra skuldbindinga í landsbundnum ógjaldfærnimeðferðum í

([1]) Stjtíð. EB L 176, 27.6. 2013, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 173, 12.6. 2014, bls. 190.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vogunarhlutfall, hlutfall stöðugrar fjármögnunar, kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, útlánaáhættu mótaðila, markaðsáhættu, áhættuskuldbindingar gagnvart miðlægum mótaðilum, áhættuskuldbindingar gagnvart sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, stórar áhættuskuldbindingar, skýrslugjafarskyldu og birtingarkröfur og reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 150, 7.6.2019, bls. 1).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/879 frá 20. maí 2019 um breytingu á tilskipun 2014/59/ESB að því er varðar tapþol og endurfjármögnunargetu lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og tilskipun 98/26/EB (Stjtíð ESB L 150 7.6.2019, bls. 296).

hverju aðildarríki. Af þeim sökum ættu viðkomandi skilastjórnvöld að gera staðlaðar upplýsingar um forgangsröðun við ógjaldfærni í hverju aðildarríki, og tímanlegar uppfærslur á þeim, aðgengilegar fyrir þær stofnanir sem falla undir lögsögu þeirra. Þeim upplýsingum ætti að fylgja stöðluð framsetning á forgangsröðun við ógjaldfærni.

7) Að því er varðar eftirgefanlegar skuldbindingar sem lög þriðja lands gilda um er þess einnig krafist í 5. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB að í drögunum að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin á að þróa sé tilgreint hvernig veita eigi, með stöðluðum hætti, upplýsingar um tiltekin þriðju lönd þar sem lög gilda um slíkar skuldbindingar og, fyrir hvert þriðja land sem tiltekið er, hvort slíkar skuldbindingar innihaldi samningsskilmála þar sem viðurkennt er að þær geti fallið undir niðurfærslu- og umbreytingarheimildir skv. þeirri tilskipun. Vegna þess að nauðsynlegt er að meta frekar sundurgreinanleikastigið fyrir skýrslugjöfina um þessa þætti, verða tengdu leiðbeiningarnar og sniðmátin þróuð af Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og lögð fram hjá framkvæmdastjórninni hvort í sínu lagi þegar sá tími kemur, til að gera bæði lögbærum yfirvöldum og skilastjórnvöldum kleift að hafa aðgang að þessum upplýsingum með reglubundnum hætti. Það að þessir takmörkuðu viðbótarþættir séu ekki fyrir hendi mun hvorki hafa áhrif á né seinka beitingu skýrslugjafarkrafnanna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

8) Aðilar sem birta upplýsingar ættu að taka tillit til viðkomandi leiðbeininga sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefur út þegar metið er hvort upplýsingarnar séu mikilvægar, bundnar einkaleyfi eða trúnaðarkvöð í samræmi við 432. gr. reglugerðar (EBE) nr. 575/2013.

9) Skýrslugjafar- og birtingarskyldan um heildartapþol sem mælt er fyrir um í 430. gr. (b-lið 1. mgr.), 437. gr. a og 447. gr. (h-lið) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 hefur verið í gildi síðan 27. júní 2019, í samræmi við aðra undirgrein 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2019/876. Af þessum sökum ættu kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og stór dótturfélög kerfislega mikilvægra stofnanna á alþjóðavísu utan Sambandsins tafarlaust, þegar þessi reglugerð öðlast gildi, að birta upplýsingar um heildartapþol með því að nota sniðmátin og fylgja leiðbeiningunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Aftur á móti ætti skýrslugjöf um kröfuna um heildartapþol í samræmi við þessa reglugerð að taka gildi frá 28. júní 2021, til að gefa stofnunum og lögbærum yfirvöldum nægan tíma til að koma viðkomandi kröfum í framkvæmd.

10) Í tengslum við lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á skýrslugjafaskyldan sem sett er fram í tilskipun 2014/59/ESB að taka gildi eigi síðar en 28. desember 2020. Af sömu ástæðum og fyrir heildartapþol ættu þó allar stofnanir að tilgreina upplýsingar um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar með því að nota sniðmátin og fylgja leiðbeiningunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð frá 28. júní 2021. Aftur á móti ætti dagurinn þegar birtingarskyldurnar um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar að koma til framkvæmda að falla saman við lok umbreytingartímabilsins samkvæmt þriðju undirgrein 1. mgr. 45. gr. m tilskipunar 2014/59/ESB, þ.e. í fyrsta lagi 1. janúar 2024.

11) Með það í huga að stofnanir, lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld þurfa að aðlaga skýrslugjöf sína og rafræn kerfi að kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, ætti skiladagsetning ársfjórðungsskýrslunnar fyrir gögn sem varða viðmiðunardagsetninguna 30. júní 2021 að vera eigi síðar en 30. september 2021.

12) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

13) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([5]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

**SKÝRSLUGJÖF VEGNA EFTIRLITS**

*1. gr.*

**Viðmiðunardagsetningar skýrslugjafar**

Aðilar sem falla undir skýrslugjafarkröfur um heildartapþol og lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á eininga- eða samstæðugrunni (gagnaskilaaðilar) skulu leggja upplýsingarnar fyrir lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld eins og þær koma fyrir á eftirfarandi viðmiðunardagsetningum gagnaskila:

a) fyrir ársfjórðungsgagnaskil: 31. mars, 30. júní, 30. september og 31. desember,

b) fyrir hálfsársgagnaskil: 30. júní og 31. desember,

c) fyrir heilsársgagnaskil: 31. desember.

*2. gr.*

**Skiladagsetningar**

1. Gagnaskilaaðilar skulu leggja fram upplýsingar til lögbærra yfirvalda og skilastjórnvalda fyrir lok viðskiptadags á eftirfarandi skiladagsetningum:

a) fyrir ársfjórðungsgagnaskil: 19. maí, 18. ágúst, 18. nóvember og 18. febrúar, að undanskildum gögnum sem varða viðmiðunardagsetninguna 30. júní 2021, en fyrir hana skal skiladagsetningin eigi vera síðar en 30. september 2021,

b) fyrir hálfsársgagnaskil: 18. ágúst og 18. febrúar,

c) fyrir heilsársgagnaskil: 18. febrúar.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

2. Ef skiladagurinn fyrir upplýsingarnar sem leggja á fram skv. 1. mgr. ber upp á lögboðinn frídag í aðildarríki lögbæra yfirvaldsins eða skilastjórnvaldsins, eða laugardag eða sunnudag, skulu þær upplýsingar lagðar fram við lok viðskiptadags næsta virka dags.

3. Gagnaskilaaðilar geta lagt fram tölur sem ekki hafa verið teknar til athugunar af ytri endurskoðanda (óendurskoðaðar tölur). Ef tölur sem endurskoðaðar eru af ytri endurskoðanda, sem lætur í ljós endurskoðunarálit (endurskoðaðar tölur) er víkur frá framlögðum óendurskoðuðum tölum, skulu gagnaskilaaðilar leggja fram endurskoðaðar tölur án ótilhlýðilegrar tafar.

4. Gagnaskilaaðilar skulu leggja allar aðrar leiðréttingar fram hjá lögbærum yfirvöldum og skilastjórnvöldum án ótilhlýðilegrar tafar.

*3. gr.*

**Snið og tíðni skýrslugjafar skilaaðila á einingargrunni**

1. Skilaaðilar án dótturfélaga er falla undir kröfurnar sem settar eru fram í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, í samræmi við 45. gr. e þeirrar tilskipunar, skulu leggja fyrir lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld eftirfarandi upplýsingar á einingargrunni:

a) upplýsingar um lykilmælistikur, eins og tilgreint er í dálki 0010 sniðmáts 1 í I. viðauka við þessa reglugerð, skulu tilkynntar ársfjórðungslega í samræmi við leiðbeiningarnar í 1. lið II. hluta II. viðauka við þessa reglugerð,

b) upplýsingar um samsetningu eiginfjárgrunnsins og hæfra skuldbindinga, eins og tilgreint er í dálki 0010 sniðmáts 2 í I. viðauka við þessa reglugerð, skulu tilkynntar ársfjórðungslega í samræmi við leiðbeiningarnar í 2.1 lið II. hluta II. viðauka við þessa reglugerð,

c) upplýsingar um fjármögnunarskipulag hæfra skuldbindinga, eins og tilgreint er í sniðmáti 4 í I. viðauka við þessa reglugerð, skulu tilkynntar ársfjórðungslega í samræmi við leiðbeiningarnar í 2.3 lið II. hluta II. viðauka við þessa reglugerð,

d) upplýsingar um gerninga sem falla undir lög þriðja lands, eins og tilgreint er sniðmáti 7 í I. viðauka við þessa reglugerð, skulu tilkynntar ársfjórðungslega í samræmi við leiðbeiningarnar í 4. lið II. hluta II. viðauka við þessa reglugerð.

2. Skilaaðilar skulu leggja fyrir lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld upplýsingar um sundurliðun eiginfjárgrunns og skuldbindinga eftir rétthæð vegna ógjaldfærni, eins og tilgreint er í sniðmáti 6 í I. viðauka, á einingargrunni og ársfjórðungslega í samræmi við leiðbeiningarnar í 3.2 lið II. hluta II. viðauka.

3. Í viðbót við upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu skilaaðilar sem falla undir kröfuna sem sett er fram í 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 á einingargrunni í samræmi við 1. mgr. a 6. gr. þeirrar reglugerðar, leggja eftirfarandi upplýsingar fyrir skilastjórnvöld og lögbær yfirvöld á einingargrunni:

a) upplýsingar um lykilmælistikur, eins og tilgreint er í dálki 0020 sniðmáts 1 í I. viðauka við þessa reglugerð, skulu tilkynntar ársfjórðungslega í samræmi við leiðbeiningarnar í 1. lið II. hluta II. viðauka við þessa reglugerð,

b) upplýsingar um samsetningu eiginfjárgrunnsins og hæfra skuldbindinga, eins og tilgreint er í dálkum 0020 og 0030 sniðmáts 2 í I. viðauka við þessa reglugerð, skulu tilkynntar ársfjórðungslega í samræmi við leiðbeiningarnar í 2.1 lið II. hluta II. viðauka við þessa reglugerð.

*4. gr.*

**Snið og tíðni skýrslugjafar skilaaðila á samstæðugrunni**

1. Skilaaðilar er falla undir kröfurnar sem settar eru fram í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB á samstæðugrunni, í samræmi við 45. gr. e þeirrar tilskipunar, skulu leggja fyrir lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld eftirfarandi upplýsingar á samstæðugrunni:

a) upplýsingar um lykilmælistikur, eins og tilgreint er í dálki 0010 sniðmáts 1 í I. viðauka við þessa reglugerð, skulu tilkynntar ársfjórðungslega í samræmi við leiðbeiningarnar í 1. lið II. hluta II. viðauka við þessa reglugerð,

b) upplýsingar um samsetningu eiginfjárgrunnsins og hæfra skuldbindinga, eins og tilgreint er í dálki 0010 sniðmáts 2 í I. viðauka við þessa reglugerð, skulu tilkynntar ársfjórðungslega í samræmi við leiðbeiningarnar í 2.1 lið II. hluta II. viðauka við þessa reglugerð,

c) upplýsingar um fjármögnunarskipulag hæfra skuldbindinga, eins og tilgreint er í sniðmáti 4 í I. viðauka við þessa reglugerð, skulu tilkynntar ársfjórðungslega í samræmi við leiðbeiningarnar í 2.3 lið II. hluta II. viðauka við þessa reglugerð,

d) upplýsingar um gerninga sem falla undir lög þriðja lands, eins og tilgreint er sniðmáti 7 í I. viðauka við þessa reglugerð, skulu tilkynntar ársfjórðungslega í samræmi við leiðbeiningarnar í 4. lið II. hluta II. viðauka við þessa reglugerð.

2. Í viðbót við upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skulu skilaaðilar sem falla undir kröfuna sem sett er fram í 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 á samstæðugrunni, í samræmi við 3. mgr. a 11. gr. þeirrar reglugerðar, leggja eftirfarandi upplýsingar fyrir lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld á samstæðugrunni:

a) upplýsingar um lykilmælistikur, eins og tilgreint er í dálki 0020 sniðmáts 1 í I. viðauka við þessa reglugerð, skulu tilkynntar ársfjórðungslega í samræmi við leiðbeiningarnar í 1. lið II. hluta II. viðauka við þessa reglugerð,

b) upplýsingar um samsetningu eiginfjárgrunnsins og hæfra skuldbindinga, eins og tilgreint er í dálkum 0020 og 0030 sniðmáts 2 í I. viðauka við þessa reglugerð, skulu tilkynntar ársfjórðungslega í samræmi við leiðbeiningarnar í 2.1 lið II. hluta II. viðauka við þessa reglugerð.

*5. gr.*

**Snið og tíðni skýrslugjafar á einingargrunni af hálfu aðila sem ekki eru skilaaðilar sjálfir og mikilvægra dótturfélaga kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu utan Sambandsins**

1. Aðilar sem ekki eru skilaaðilar sjálfir og falla undir kröfurnar sem settar eru fram í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB á einingargrunni, í samræmi við 45. gr. f þeirrar tilskipunar, skulu leggja fyrir lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld eftirfarandi upplýsingar á einingargrunni:

a) upplýsingar um fjárhæð og samsetningu eiginfjárgrunnsins og hæfra skuldbindinga, eins og tilgreint er í dálki 0010 sniðmáts 3 í I. viðauka við þessa reglugerð, skulu tilkynntar ársfjórðungslega í samræmi við leiðbeiningarnar í 2.2 lið II. hluta II. viðauka við þessa reglugerð,

b) upplýsingar um fjármögnunarskipulag hæfra skuldbindinga, eins og tilgreint er í sniðmáti 4 í I. viðauka við þessa reglugerð, skulu tilkynntar ársfjórðungslega í samræmi við leiðbeiningarnar í 2.3 lið II. hluta II. viðauka við þessa reglugerð,

c) upplýsingar um gerninga sem falla undir lög þriðja lands, eins og tilgreint er sniðmáti 7 í I. viðauka við þessa reglugerð, skulu tilkynntar ársfjórðungslega í samræmi við leiðbeiningarnar í 4. lið II. hluta II. viðauka við þessa reglugerð.

2. Aðilar sem ekki eru skilaaðilar sjálfir skulu leggja fyrir lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld upplýsingar um sundurliðun eiginfjárgrunns og skuldbindinga eftir rétthæð vegna ógjaldfærni, eins og tilgreint er í sniðmáti 5 í I. viðauka, á einingargrunni og ársfjórðungslega í samræmi við leiðbeiningarnar í 3.1 lið II. hluta II. viðauka.

3. Í viðbót við upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu aðilar sem eru mikilvæg dótturfélög kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu utan Sambandsins og falla undir kröfuna sem sett er fram í 92. gr. b reglugerð (ESB) nr. 575/2013 á einingargrunni, í samræmi við1. mgr. a 6. gr. þeirrar reglugerðar, leggja fyrir lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld upplýsingar um fjárhæð og samsetningu eiginfjárgrunnsins og hæfra skuldbindinga, eins og tilgreint er í dálki 0020 í sniðmáti 3 I. viðauka við þessa reglugerð á einingargrunni og ársfjórðungslega í samræmi við leiðbeiningarnar í 2.2 lið II. hluta II. viðauka við þessa reglugerð.

*6. gr.*

**Snið og tíðni skýrslugjafar á samstæðugrunni af hálfu aðila sem ekki eru skilaaðilar sjálfir og mikilvægra dótturfélaga kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu utan Sambandsins**

1. Aðilar sem ekki eru skilaaðilar sjálfir og falla undir kröfurnar sem settar eru fram í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB á samstæðugrunni, í samræmi við 45. gr. f þeirrar tilskipunar, skulu leggja fyrir lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld eftirfarandi upplýsingar á samstæðugrunni:

a) upplýsingar um fjárhæð og samsetningu eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga, eins og tilgreint er í dálki 0010 sniðmáts 3 í I. viðauka við þessa reglugerð, skulu tilkynntar ársfjórðungslega í samræmi við leiðbeiningarnar í 2.2 lið II. hluta II. viðauka við þessa reglugerð,

b) upplýsingar um fjármögnunarskipulag hæfra skuldbindinga, eins og tilgreint er í sniðmáti 4 í I. viðauka við þessa reglugerð, skulu tilkynntar ársfjórðungslega í samræmi við leiðbeiningarnar í 2.3 lið II. hluta II. viðauka við þessa reglugerð,

c) upplýsingar um gerninga sem falla undir lög þriðja lands, eins og tilgreint er sniðmáti 7 í I. viðauka við þessa reglugerð, skulu tilkynntar ársfjórðungslega í samræmi við leiðbeiningarnar í 4. lið II. hluta II. viðauka við þessa reglugerð.

2. Í viðbót við upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skulu aðilar sem eru mikilvæg dótturfélög kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu utan Sambandsins og falla undir kröfuna sem sett er fram í 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 á samstæðugrunni, í samræmi við1. mgr. a 11. gr. þeirrar reglugerðar, leggja fyrir lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld upplýsingar um fjárhæð og samsetningu eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga, eins og tilgreint er í dálki 0020 í sniðmáti 3 I. viðauka við þessa reglugerð á samstæðugrunni og ársfjórðungslega í samræmi við leiðbeiningarnar í 2.2 lið II. hluta II. viðauka við þessa reglugerð.

*7. gr.*

**Gagnaskiptasnið og upplýsingar tengdar framlagningu**

1. Gagnaskilaaðilar skulu leggja fram upplýsingar í samræmi við þessa reglugerð á því gagnaskiptasniði og með þeirri framsetningu sem lögbær yfirvöld þeirra eða skilastjórnvöld tilgreina og í samræmi við skilgreiningarnar á gagnapunktum sem eru í gagnapunktalíkaninu og sannprófunarreglunum sem mælt er fyrir um í III. viðauka við þessa reglugerð.

2. Þegar upplýsingar eru lagðar fram í samræmi við þessa reglugerð skulu gagnaskilaaðilar gæta að eftirfarandi:

a) við framlagningu gagna skal ekki taka með upplýsingar sem ekki er krafist eða eiga ekki við,

b) tölugildi skulu lögð fram sem hér segir:

   i) setja skal gagnapunkta af gagnategundinni „fjárhæð“ fram með lágmarksnákvæmni sem er jafngild þúsund mælieiningum,

   ii) gefa skal upp gagnapunkta af gagnategundinni „prósenta“ í mælieiningu með lágmarksnákvæmni sem er jafngild fjórum tugastöfum,

   iii) gagnapunkta af gagnategundinni „heil tala“ skal setja fram án tugastafa og með nákvæmni sem er jafngild mælieiningum,

c) einvörðungu skal auðkenna stofnanir með LEI-auðkenni þeirra. Lögaðilar og mótaðilar, aðrir en stofnanir, skulu auðkenndir með LEI-auðkenni þeirra, ef tiltækt.

3. Upplýsingum sem gagnaskilaaðilar leggja fram í samræmi við þessa reglugerð skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

a) viðmiðunardagsetning skýrslugjafar og viðmiðunartímabil,

b) gagnaskilagjaldmiðill,

c) reikningsskilastaðall,

d) LEI-auðkenni skýrslugjafarstofnunar,

e) afmörkun samstæðureikningsskila.

*8. gr.*

**Stöðluð framsetning á rétthæð vegna ógjaldfærni**

1. Skilastjórnvöld skulu taka saman upplýsingar um forgangsröðun liða í landsbundinni ógjaldfærnimeðferð í staðlaða sniðinu sem tilgreint er í IV. viðauka. Þau skulu, án ótilhlýðilegrar tafar, uppfæra þær upplýsingar þegar breytingar eiga sér stað.

2. Skilastjórnvöld skulu birta upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. til að þær verði aðgengilegar stofnunum sem falla undir eftirlit þeirra.

II. BÁLKUR

**OPINBER UPPLÝSINGAGJÖF STOFNANA**

*9. gr.*

**Tíðni og dagsetningar fyrir birtingu upplýsinga**

1. Birting upplýsinga sem um getur í 1. mgr. 10. gr. skal eiga sér stað ársfjórðungslega. Birting upplýsinga sem um getur í 2. mgr. 10. gr. skal eiga sér stað hálfsárslega.

2. Birting upplýsinga sem um getur í 1. mgr. 11. gr. og 1. mgr. 14. gr. skal eiga sér stað hálfsárslega. Birting upplýsinga sem um getur í 2. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 14. gr. skal eiga sér stað árlega.

3. Birting upplýsinga sem um getur í 1. mgr. 12. gr. skal eiga sér stað ársfjórðungslega. Birting upplýsinga sem um getur í 2. mgr. 12. gr. skal eiga sér stað hálfsárslega.

4. Birting upplýsinga sem um getur í 1. mgr. 13. gr. skal eiga sér stað hálfsárslega. Birting upplýsinga sem um getur í 2. mgr. 13. gr. skal eiga sér stað árlega.

5. Birting upplýsinga sem um getur í 15. gr. skal eiga sér stað sem hér segir:

a) hálfsárslega þegar aðilinn sem birtir upplýsingarnar er stór stofnun,

b) árlega þegar aðilinn sem birtir upplýsingarnar er hvorki stór stofnun né lítil og einföld stofnun.

6. Að því er varðar opinbera birtingu, skulu aðilar sem birta upplýsingar gæta að eftirfarandi:

a) árleg birting upplýsinga skal fara fram á sama degi og stofnanir birta reikningsskil sín eða eins fljótt og við verður komið þar á eftir,

b) hálfsárs- og ársfjórðungsleg birting upplýsinga skal eiga sér stað sama dag og stofnanirnar birta reikningsskil sín fyrir samsvarandi tímabil, eftir atvikum, eða eins fljótt og við verður komið þar á eftir,

c) sérhver seinkun á birtingu milli birtingardags þeirra upplýsinga sem krafist er samkvæmt þessum bálki og viðkomandi reikningsskila skal vera hæfileg og alla jafnan ekki lengri en tímaramminn sem lögbæru yfirvöldin setja skv. 106. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([6]).

*10. gr.*

**Birting upplýsinga um lykilmælistikur eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga og kröfurnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar af hálfu skilaaðila**

1. Aðilar sem auðkenndir eru sem skilaaðilar og eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu eða hluti kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu skulu birta upplýsingarnar sem krafist er í h-lið 447. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og í a- og c-lið 3. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB í samræmi við sniðmátið EU KM2 í V. viðauka við þessa reglugerð og viðkomandi leiðbeiningar sem settar eru fram í VI. viðauka við þessa reglugerð.

2. Aðilar sem auðkenndir eru sem skilaaðilar og eru hvorki kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu né hluti kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu skulu birta upplýsingarnar sem krafist er í a- og c-lið 3. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB í samræmi við sniðmátið EU KM2 í V. viðauka við þessa reglugerð og viðkomandi leiðbeiningar sem settar eru fram í VI. viðauka við þessa reglugerð.

*11. gr.*

**Birting upplýsinga um samsetningu eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga af hálfu skilaaðila**

1. Aðilar sem auðkenndir eru sem skilaaðilar og eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu eða hluti kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu skulu birta upplýsingarnar sem krafist er í samræmi við a-, c- og d-lið 437. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og upplýsingar um samsetninguna á eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum sem krafist er í b-lið 3. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB í samræmi við sniðmátið EU TLAC1 í V. viðauka við þessa reglugerð og viðkomandi leiðbeiningar sem settar eru fram í VI. viðauka við þessa reglugerð.

2. Aðilar sem auðkenndir eru sem skilaaðilar og eru hvorki kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu né hluti kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu skulu birta upplýsingar um samsetninguna á eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum sem krafist er í samræmi við b-lið 3. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB í samræmi við sniðmátið EU TLAC1 í V. viðauka við þessa reglugerð og viðkomandi leiðbeiningar sem settar eru fram í VI. viðauka við þessa reglugerð.

*12. gr.*

**Birting upplýsinga um lykilmælistikur og innra tapþol af hálfu aðila sem eru ekki sjálfir skilaaðilar**

1. Aðilar sem eru mikilvæg dótturfélög kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu utan Sambandsins og sem sjálfir eru ekki skilaaðilar skulu birta eftirfarandi upplýsingar í samræmi við sniðmátið EU ILAC í V. viðauka við þessa reglugerð og viðkomandi leiðbeiningar sem settar eru fram í VI. viðauka við þessa reglugerð:

a) upplýsingar sem krafist er í samræmi við a-, c- og d-lið 437. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) upplýsingar sem krafist er í samræmi við h-lið 447. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

c) upplýsingar sem krafist er í samræmi við a- og c-lið 3. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB,

d) upplýsingar að því er varðar samsetningu eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga sem krafist er í samræmi við b-lið 3. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB.

---

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

2. Aðilar, aðrir en mikilvæg dótturfélög kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu utan Sambandsins, sem sjálfir eru ekki skilaaðilar skulu birta eftirfarandi upplýsingar í samræmi við sniðmátið EU ILAC í V. viðauka við þessa reglugerð og viðkomandi leiðbeiningar sem settar eru fram í VI. viðauka við þessa reglugerð:

a) upplýsingar sem krafist er í samræmi við a- og c-lið 3. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB,

b) upplýsingar að því er varðar samsetningu eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga sem krafist er í samræmi við b-lið 3. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB.

*13. gr.*

**Birting upplýsinga um forgangsröðun lánveitenda af hálfu aðila sem ekki eru skilaaðilar sjálfir**

1. Aðilar sem eru mikilvæg dótturfélög kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu utan Sambandsins og sem sjálfir eru ekki skilaaðilar skulu birta upplýsingarnar um endurgreiðsluferil og forgangsröðun við hefðbundna ógjaldfærnimeðferð eins og sett er fram í a- og b-lið 437. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og í b-lið 3. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB í samræmi við sniðmátið EU TLAC2a í V. viðauka við þessa reglugerð og viðkomandi leiðbeiningar sem settar eru fram í VI. viðauka við þessa reglugerð.

2. Aðilar, aðrir en þeir sem teljast mikilvæg dótturfélög kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu utan Sambandsins, sem sjálfir eru ekki skilaaðilar skulu birta upplýsingarnar um endurgreiðsluferil og forgangsröðun í hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð eins og sett er fram í b-lið 3. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB í samræmi við sniðmátið EU TLAC2b í V. viðauka við þessa reglugerð og viðkomandi leiðbeiningar sem settar eru fram í VI. viðauka við þessa reglugerð.

Aðilar sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar geta kosið að nota sniðmát EU TLAC2a í staðinn fyrir EU TLAC2b fyrir birtingu upplýsinga um endurgreiðsluferil og forgangsröðun í hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð sem krafist er í samræmi við b-lið 3. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB.

*14. gr.*

**Birting upplýsinga um forgangsröðun lánveitenda af hálfu skilaaðila**

1. Aðilar sem auðkenndir eru sem skilaaðilar og eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu eða hluti kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu skulu birta upplýsingarnar um endurgreiðsluferil og forgangsröðun í hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð eins og sett er fram í a- og b-lið 437. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og í b-lið 3. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB í samræmi við sniðmátið EU TLAC3a í V. viðauka við þessa reglugerð og viðkomandi leiðbeiningar sem settar eru fram í VI. viðauka við þessa reglugerð.

2. Aðilar sem auðkenndir eru sem skilaaðilar og eru hvorki kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu né hluti kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu skulu birta upplýsingar um endurgreiðsluferil og forgangsröðun í hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð eins og sett er fram í b-lið 3. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB í samræmi við sniðmátið EU TLAC3b í V. viðauka við þessa reglugerð og viðkomandi leiðbeiningar sem settar eru fram í VI. viðauka við þessa reglugerð.

Aðilar sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar geta kosið að nota sniðmát EU TLAC3a í staðin fyrir EU TLAC3b fyrir birtingu upplýsinga um endurgreiðsluferil og forgangsröðun í hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð sem krafist er í samræmi við b-lið 3. mgr. 45. gr. i í tilskipun 2014/59/ESB.

*15. gr.*

**Birting upplýsinga um megineinkenni eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga**

Aðilar sem auðkenndir eru sem skilaaðilar og eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu eða hluti kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu og aðilar sem eru mikilvæg dótturfélög kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu utan Sambandsins og sem sjálfir eru ekki skilaaðilar skulu birta upplýsingarnar sem settar eru fram í a-lið 437. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, í samræmi við framkvæmdargerðina sem um getur í 434. gr. a þeirrar reglugerðar.

*16. gr.*

**Almennar reglur um birtingu upplýsinga**

1. Ef aðilar sem birta upplýsingar geta sleppt einni eða fleiri af birtingunum í samræmi við 432. gr. reglugerðar (EB) nr. 575/2013, má skilja viðkomandi línur og dálka í sniðmátunum eða töflunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð eftir auð og skal númeraröð lína og dálka sem þar koma á eftir ekki breytt.

2. Aðilar sem birta upplýsingar skulu með skýrum hætti merkja auðu línurnar og dálkana í viðkomandi sniðmáti eða töflu og gefa upp ástæðu þess að sleppt er að birta þær upplýsingar.

3. Eigindlegar upplýsingar og sérhverjar aðrar nauðsynlegar viðbótarupplýsingar sem fylgja birtingu megindlegra upplýsinga í samræmi við 431. gr. reglugerðar (EB) nr. 575/2013 skulu vera nægjanlega skýrar og ítarlegar svo notendur upplýsinganna geti skilið megindlegu upplýsingarnar og skulu þær hafðar með sniðmátunum sem þær lýsa.

4. Aðilar sem birta upplýsingar skulu gæta að eftirfarandi varðandi birtingu tölugilda:

a) megindleg peningaleg gögn skal birta með því að nota lágmarksnákvæmni sem er jafngild milljón mælieiningum,

b) megindleg gögn sem birt eru sem „prósenta“ skulu sett fram í mælieiningu með lágmarksnákvæmni sem er jafngild fjórum tugastöfum.

5. Aðilar sem birta upplýsingar skulu láta eftirfarandi fylgja upplýsingunum sem birtar eru:

a) viðmiðunardagsetningu birtingar og viðmiðunartímabil,

b) gjaldmiðil birtingar,

c) heiti og, ef við á, LEI-auðkenni aðilans sem birtir upplýsingar,

d) ef við á, reikningsskilastaðal, og

e) ef við á, afmörkun samstæðureikningsskila.

III. BÁLKUR

**LOKAÁKVÆÐI**

*17. gr.*

**Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Ákvæði I. bálks koma til framkvæmda frá og með 28. júní 2021.

Ákvæði II. bálks gilda frá og með 1. júní 2021 að því er varðar birtingu upplýsinga í samræmi við 437. gr. a og h-lið 447. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og frá og með deginum þegar birtingarkröfurnar koma til framkvæmda í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 3. gr. tilskipunar (ESB) 2019/879 að því er varðar birtingu upplýsinga í samræmi við 3. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. apríl 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*I. viðauki*

**SKÝRSLUGJÖF UM LÁGMARKSKRÖFU UM EIGINFJÁRGRUNN OG HÆFAR SKULDBINDINGAR**

| SNIÐMÁT FYRIR LÁGMARKSKRÖFU UM EIGINFJÁRGRUNN OG HÆFAR SKULDBINDINGAR OG HEILDARTAPÞOL | | | |
|---|---|---|---|
| **Númer sniðmáts** | **Kóði sniðmáts** | **Heiti sniðmáts/flokks sniðmáta** | **Stytt heiti** |
| | | **FJÁRHÆÐIR: LYKILMÆLISTIKUR LÁGMARKSKRÖFU UM EIGINFJÁRGRUNN OG HÆFAR SKULDBINDINGAR OG HEILDARTAPÞOLS** | |
| 1 | M 01.00 | Lykilmælistikur fyrir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartapþol (skilasamstæður / aðilar í skilameðferð) | KM2 |
| | | **SAMSETNING OG LÍFTÍMI** | |
| 0150 | **Hæfar skuldbindingar sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum (sem eldri reglur gilda ekki um, fyrir beitingu þaks)**<br>*Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Skuldbindingar sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. til 3. mgr. 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB og eru ekki að fullu víkjandi gagnvart kröfum sem leiða af undanþegnum skuldum sem um getur í 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>*Heildartapþol*<br>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema hvað varðar d-lið 2. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, og verður mögulega heimilað að teljast hæfir skuldagerningar í samræmi við 3. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar eða er heimilað að teljast hæfir skuldagerningar í samræmi við 4. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar.<br>Þegar ákvæði 3. mgr. 72. gr. b eða 2. mgr. 494. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 gilda skal tilgreina í þessari línu heildafjárhæðina án beitingar 3,5% og 2,5% þaksins, eftir því sem við á.<br>Þessi lína skal ekki innihalda neinar fjárhæðir sem færðar eru inn á grundvelli umbreytingarákvæðis í samræmi við 3. mgr. 494. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0160 | **Hæfar skuldbindingar sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum, gefnum út fyrir 27. júní 2019 (fyrir beitingu þaks)**<br>*Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:<br>a) þær voru gefnar út fyrir 27. júní 2019,<br>b) þær uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. til 3. mgr. 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB og eru ekki að fullu víkjandi gagnvart kröfum sem leiða af undanþegnum skuldum sem um getur í 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,<br>c) þær teljast hæfar skuldbindingar vegna eldri reglna í samræmi við 3. mgr. 494. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>*Heildartapþol*<br>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:<br>a) þær voru gefnar út fyrir 27. júní 2019,<br>b) þær uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema hvað varðar d-lið 2. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, og verður mögulega heimilað að teljast hæfir skuldagerningar í samræmi við 3. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar eða er heimilað að teljast hæfir skuldagerningar í samræmi við 4. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar,<br>c) þær teljast hæfar skuldbindingar vegna eldri reglna í samræmi við 3. mgr. 494. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| | Þegar ákvæði 3. mgr. 72. gr. b eða 2. mgr. 494. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eiga við, skal tilgreina í þessari línu heildafjárhæðina án beitingar 3,5% og 2,5% þaksins, eftir því sem við á. |
| 0170 | **Hæfar fjárhæðir eftir beitingu þaksins skv. 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (sem eldri reglur gilda ekki um)**<br>*Heildartapþol*<br>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema hvað varðar d-lið 2. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, eftir beitingu ákvæða 3. til 5. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, að undanskildum skuldbindingum sem færðar eru samkvæmt eldri reglum og settar eru fram í 3. mgr. 494. gr. b þeirrar reglugerðar.<br>Þegar ákvæði 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eiga við og fram til 31. desember 2021 skal fjárhæðin sem tilgreind er í þessari línu vera fjárhæðin eftir beitingu ákvæðis 2. mgr. 494. gr. þeirrar reglugerðar (2,5% þak). |
| 0180 | **Hæfar fjárhæðir eftir beitingu þaksins skv. 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem samanstanda af liðum útgefnum fyrir 27. júní 2019**<br>*Heildartapþol*<br>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:<br>a) þær voru gefnar út fyrir 27. júní 2019,<br>b) þær uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema hvað varðar d-lið 2. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, eftir beitingu ákvæða 3. til 5. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar,<br>c) þær teljast hæfar skuldbindingar vegna eldri reglna í samræmi við 3. mgr. 494. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Þegar ákvæði 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eiga við og fram til 31. desember 2021 skal fjárhæðin sem tilgreind er í þessari línu vera fjárhæðin eftir beitingu ákvæðis 2. mgr. 494. gr. þeirrar reglugerðar (2,5% þak). |
| 0190 | (-) **Frádráttur** |
| 0200 | (-) **Áhættuskuldbindingar milli skilasamstæðna, í margvíðri skilaaðgerð**<br>*Heildartapþol*<br>Þessi lína á að endurspegla frádráttinn af áhættuskuldbindingum milli skilasamstæðna í margvíðri skilaaðgerð (e: *multiple point of entry (MPE)*) sem eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu, sem samsvarar beinum, óbeinum eða tilbúnum eignarhlut [áður þýtt gervieignarhlutur] í eiginfjárgrunnsgerningum eða hæfum skuldagerningum eins eða fleiri dótturfélaga sem ekki tilheyra sömu skilasamstæðu og skilaaðilinn, í samræmi við 4. mgr. 72. gr. e reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0210 | (-) **Fjárfestingar í öðrum hæfum skuldagerningum**<br>*Heildartapþol*<br>Aðilar skulu tilgreina frádráttinn af fjárfestingum í öðrum hæfum skuldagerningum, eins og um getur í 1. til 3. mgr. 72. gr. e og 72. gr. f til 72. gr. j reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þar sem fjárhæðin sem draga á frá liðum hæfra skuldbindinga er ákvörðuð í samræmi við 2. þátt 5. kafla a I. bálki í öðrum hluta þeirrar reglugerðar. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0220 | **Frádráttur frá hæfum skuldbindingum sem fer umfram hæfar skuldbindingar**<br>Hæfar skuldbindingar geta ekki verið neikvæðar en mögulegt er að frádráttur frá hæfum skuldbindingum fari umfram hæfar skuldbindingar. Þegar það gerist skulu hæfu skuldbindingarnar vera jafnt og núll og umframfrádrátturinn dragast frá þætti 2 í samræmi við e-lið 66. gr. reglugerðar (EB) nr. 575/2013.<br>Með þessum lið næst fram að hæfu skuldbindingarnar eins og tilgreindar í línu 0060 eru aldrei lægri en núll. |
| 0400 – 0500 | **Minnisatriði** |
| 0400 | **Almennt eigið fé þáttar 1 (%) sem er tiltækt eftir að kröfur aðilans hafa verið uppfylltar**<br>Fjárhæðin á almennu eigin fé þáttar 1, jöfn og núll eða jákvæð, sem tiltæk er eftir að sérhver krafa sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 141. gr. a tilskipunar 2013/36/ESB (4) hefur verið uppfyllt, og sú hærri af:<br>a) eftir atvikum, kröfunni um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu sem mælt er fyrir um í 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (krafa um heildartapþol), þegar hún er reiknuð út í samræmi við a-lið 1. mgr. þeirrar greinar,<br>b) lágmarkskröfunni um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skv. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, þegar hún er reiknuð út í samræmi við a-lið 2. mgr. 45. gr. þeirrar tilskipunar.<br>Tiltækt almennt eigið fé þáttar 1 skal sett fram sem hlutfall af heildaráhættugrunnsfjárhæðinni eins og hún er tilgreind í línu 0100 í sniðmáti M 01.00.<br>Talan sem tilgreind er skal vera sú sama bæði í dálknum um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartapþolsdálknum.<br>Í henni skal taka tillit til áhrifanna af umbreytingarákvæðum á eiginfjárgrunninn og hæfar skuldbindingar, heildaráhættugrunninn og kröfurnar sjálfar. Hvorki leiðbeiningarnar um viðbótareiginfjárgrunn eins og um getur í 104. gr. b tilskipunar 2013/36/ESB, né samanlagða eiginfjáraukakrafan í 6. lið fyrstu undirgreinar 128. gr. þeirrar tilskipunar skulu teknar til greina. |
| 0410 | **Samanlögð krafa um eiginfjárauka (%)**<br>Ákvæði 6. liðar fyrstu undirgreinar 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB<br>Samanlagða eiginfjáraukakrafan skal gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni. |
| 0420 | **þar af: krafa um verndunarauka**<br>Fjárhæð samanlagðs eiginfjárauka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um verndunarauka. |
| 0430 | **þar af: krafa um sveiflujöfnunarauka**<br>Fjárhæð samanlagðs eiginfjárauka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um sveiflujöfnunarauka. |
| 0440 | **þar af: krafa um eiginfjárauka vegna kerfisáhættu**<br>Fjárhæð samanlagðs eiginfjárauka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um eiginfjárauka vegna kerfisáhættu. |
| 0450 | **þar af: Eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (G-SII) eða aðra kerfislega mikilvæga stofnun (O-SII)**<br>Fjárhæð samanlagðs eiginfjárauka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um eiginfjárauka fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu eða aðra kerfislega mikilvæga stofnun. |

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0460 | **Fjárfestingar í víkjandi hæfum skuldbindingum annarra stofnana**<br>Stöðurnar sem tilkynntar eru í þessari línu og í línum 0470 til 0490 skulu ákvarðaðar að teknu tilliti til meginreglnanna sem mælt er fyrir um í 72. gr. h reglugerðar um eiginfjárkröfur (CRR) (hreinar gnóttstöður, gegnsæisaðferð). |
| 0470 | **Fjárfestingar í víkjandi hæfum skuldbindingum kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu**<br>Fjárhæð eignarhluta í hæfum skuldagerningum, eins og um getur í 2. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að undanskildum gerningum skv. 3. til 5. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, sem kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu gefa út. |
| 0480 | **Fjárfestingar í víkjandi hæfum skuldbindingum annarra kerfislega mikilvægra stofnana**<br>Fjárhæð eignarhluta í hæfum skuldagerningum, eins og um getur í 2. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir gefa út.<br>Fjárfestingar í víkjandi hæfum skuldbindingum annarra kerfislega mikilvægra stofnana sem á sama tíma eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu skulu ekki tilgreindar í þessari línu, heldur eingöngu í línu 0470. |
| 0490 | **Fjárfestingar í víkjandi hæfum skuldbindingum annarra stofnana**<br>Fjárhæð eignarhluta í hæfum skuldagerningum, eins og um getur í 2. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem stofnanir sem hvorki eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu né aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir gefa út. |
| 0500 | **Undanþegnar skuldir**<br>Ákvæði 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |

2.2. M 03.00 – Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og innra heildartapþol (ILAC)

2.2.1. Almennar athugasemdir

9. Með sniðmáti M 03.00 eru eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sett fram að því er varðar:
   a) kröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar aðila sem sjálfir eru ekki skilaaðilar skv. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB (innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar), og
   b) kröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu utan Sambandsins sem gildir um mikilvæg dótturfélög kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu í þriðja landi skv. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (innra heildartapþol).
10. Aðilar sem falla undir lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skulu færa inn í dálkinn sem vísar til innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 45. gr. og 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB. Eingöngu þeir aðilar sem ber skylda til að uppfylla kröfuna í 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu tilgreina liði sem vísa til kröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (heildartapþol).

2.2.2. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður

| Dálkar | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0010 | **Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar**<br>Ákvæði 45. gr. og 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0020 | **Innra heildartapþol**<br>Ákvæði 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0010 | **Beitingarstig**<br>Ef aðilinn fellur undir innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, og eftir atvikum innra heildartapþol, á einingargrunni, skal hann tilgreina „einstök“.<br>Ef aðilinn fellur undir innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar , og eftir atvikum innra heildartapþol, á samstæðugrunni, skal hann tilgreina „samsteypt“. |
| 0100 – 0110 | **Fjárhæð heildaráhættugrunns og heildarmælistærð áhættuskuldbindingar** |
| 0100 | **Heildaráhættugrunnur**<br>Ákvæði a-liðar 2. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Fjárhæð heildaráhættugrunnsins sem tilgreind er í þessari línu skal vera heildaráhættugrunnurinn sem er grunnurinn að reglufylgni við kröfurnar í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eða í 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eftir því sem við á. |
| 0110 | **Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar**<br>Ákvæði b-liðar 2. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, 4. mgr. 429. gr. og 429. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar sem tilgreind er í þessari línu skal vera heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar sem er grunnurinn að reglufylgni við kröfurnar í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eða í 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eftir því sem við á. |
| 0200 – 0270 | **Hæfur eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar** |
| 0200 | **Hæfur eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar**<br>*Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Samtala hæfs eiginfjárgrunns, hæfra skuldbindinga og trygginga sem heimilað er að telja með í innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 2. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB og einnig að teknu tilliti til, eftir atvikum, fjórðu undirgreinar 2. mgr. 89. gr. þeirrar tilskipunar.<br>Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>Fjárhæðin sem tilgreind er í þessari línu skal vera fjárhæðin eftir frádrátt eða jafngildi hans, sem krafist er í samræmi við aðferðina í framseldu reglugerðinni sem um getur í 6. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB.<br>*Innra heildartapþol*<br>Hæfur eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem heimilað er að telja með í innra heildartapþol í samræmi við 2. og 3. mgr. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0210 | **Hæfur eiginfjárgrunnur**<br>Samtalan á almennu eigin fé þáttar 1, hæfu viðbótareiginfé þáttar 1 og hæfum eiginfjárþætti 2<br>Ef um er að ræða innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skulu gerningar sem um getur í fjórðu undirgrein 2. mgr. 89. gr. tilskipunar 2014/59/ESB teknir með í þessa línu og í línur 0230 og 0240, þar sem sú málsgrein á við. Gerningar sem falla undir lög þriðja lands skulu eingöngu teknir með í þessa línu og í línur 0230 og 0240 ef þeir uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 55. gr. þeirrar tilskipunar. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0220 | **Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1)**<br>Ákvæði 50. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0230 | **Hæft viðbótareigiðfé þáttar 1**<br>Ákvæði 61. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013<br>*Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Gerningar skulu eingöngu teknir til greina ef þeir uppfylla viðmiðanirnar sem um getur í ii. lið b-liðar 2. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB.<br>*Innra heildartapþol*<br>Gerningar skulu eingöngu teknir til greina ef þeir uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0240 | **Hæfur eiginfjárþáttur 2**<br>Ákvæði 71. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013<br>*Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Gerningar skulu eingöngu teknir til greina ef þeir uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í ii. lið b-liðar 2. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB.<br>*Innra heildartapþol*<br>Gerningar skulu eingöngu teknir til greina ef þeir uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0250 | **Hæfar skuldbindingar og tryggingar** |
| 0260 | **Hæfar skuldbindingar (að undanskildum tryggingum)**<br>*Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í a-lið 2. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB, og einnig að teknu tilliti til, eftir atvikum, fjórðu undirgreinar 2. mgr. 89. gr. þeirrar tilskipunar.<br>Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>*Innra heildartapþol*<br>Reikna skal út fjárhæð hæfra skuldbindinga í samræmi við 72. gr. k reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 þegar þessar skuldbindingar uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. 92. gr. b þeirrar reglugerðar. |
| 0270 | **Tryggingar sem skilaaðili leggur fram og skilastjórnvaldið heimilar**<br>Ef skilastjórnvald dótturfélagsins heimilar gagnaskilaaðilanum að uppfylla kröfuna um innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar með tryggingum, skal tilgreina tryggingafjárhæðirnar sem skilaaðili leggur fram og uppfylla öll skilyrðin sem sett eru fram í 5. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0280 | **Minnisatriði: Veðsettur hluti tryggingarinnar**<br>Sá hluti tryggingarinnar sem tilgreindur er í línu 0270 sem er veðsettur í gegnum fjárhagslega tryggingarráðstöfun eins og um getur í c-lið 5. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0290 | **(-) Frádráttur eða jafngildi hans**<br>Frádráttur eða jafngildi hans sem krafist er í samræmi við aðferðina sem sett er fram í framseldu reglugerðinni er um getur í 6. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB. Eingöngu skal færa inn í þessa línu þegar framselda reglugerðin hefur tekið gildi. |
| 0400 – 0440 | **Hlutfallstölur hæfs eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga** |
| 0400 | **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildaráhættugrunni**<br>Fjárhæðir hæfs eiginfjárgrunns, hæfra skuldbindinga og heimilaðra trygginga gagnaskilaaðilans sem reiknaðar eru með í innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og innra heildartapþol, eftir því sem við á, gefnar upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0410 | **þar af heimilaðar tryggingar**<br>Fjárhæðir hæfs eiginfjárgrunns, hæfra skuldbindinga og heimilaðra trygginga gagnaskilaaðilans sem eru tryggingar lagðar fram af skilaaðila og viðurkenndar af skilastjórnvaldinu í samræmi við 5. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB, sem reiknaðar eru með í innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuld- bindingar og gefnar upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0420 | **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar**<br>Fjárhæðir hæfs eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga gagnaskilaaðilans sem reiknaðar eru með í innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og innra heildartapþoli, eftir því sem við á, gefnar upp sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar, reiknað út í samræmi við 4. mgr. 429. gr. og 429. gr. a þeirrar reglugerðar. |
| 0430 | **þar af heimilaðar tryggingar**<br>Fjárhæðir hæfs eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga gagnaskilaaðilans sem eru tryggingar lagðar fram af skilaaðila og viðurkenndar af skilastjórnvaldinu í samræmi við 5. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB sem reiknaðar eru með í innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og gefnar upp sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar, reiknuð út í samræmi við 4. mgr. 429. gr. og 429. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 0440 | **Almennt eigið fé þáttar 1 (%) sem er tiltækt eftir að kröfur aðilans hafa verið uppfylltar**<br>Fjárhæð almenns eigin fjár þáttar 1, jöfn og núll eða jákvæð, sem tiltæk er eftir að sérhver krafa sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 141. gr. a tilskipunar 2013/36/ESB hefur verið uppfyllt, og sú hærri af:<br>a) eftir atvikum, kröfunni um innra heildartapþol skv. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þegar reiknuð er út í samræmi við 1. mgr. 92. gr. b þeirrar reglugerðar sem 90% af kröfunni í a-lið 1. mgr. 92. gr. a þeirrar reglugerðar,<br>b) kröfunni um innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skv. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB, þegar reiknuð er út í samræmi við a-lið 2. mgr. 45. gr. þeirrar tilskipunar.<br><br>Tiltækt almennt eigið fé þáttar 1 skal sett fram sem hlutfall af heildaráhættugrunni eins og tilgreindur er í línu 0100.<br>Talan sem tilgreind er skal vera sú sama bæði í dálknum fyrir innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og dálknum fyrir innra heildartapþol.<br>Í henni skal taka tillit til áhrifanna af umbreytingarákvæðum á eiginfjárgrunninn og hæfar skuldbindingar, heildaráhættugrunninn og kröfurnar sjálfar. Hvorki leiðbeiningarnar um viðbótareiginfjárgrunn eins og um getur |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| | í 104. gr. b tilskipunar 2013/36/ESB, né samanlagða eiginfjáraukakrafan í 6. lið fyrstu undirgreinar 128. gr. þeirrar tilskipunar skulu teknar til greina. |
| 0500 – 0550 | **Minnisatriði** |
| 0500 | **Samanlögð krafa um eiginfjárauka (%)**<br>Ákvæði 6. liðar fyrstu undirgreinar 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB<br>Samanlagða eiginfjáraukakrafan skal gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni. |
| 0510 | **þar af: krafa um verndunarauka**<br>Fjárhæð samanlagðs eiginfjárauka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um verndunarauka. |
| 0520 | **þar af: krafa um sveiflujöfnunarauka**<br>Fjárhæð samanlagðs eiginfjárauka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um sveiflujöfnunarauka. |
| 0530 | **þar af: krafa um eiginfjárauka vegna kerfisáhættu**<br>Fjárhæð samanlagðs eiginfjárauka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um eiginfjárauka vegna kerfisáhættu. |
| 0540 | **þar af: Eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (G-SII) eða aðra kerfislega mikilvæga stofnun (O-SII)**<br>Fjárhæð samanlagðs eiginfjárauka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um eiginfjárauka fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu eða aðra kerfislega mikilvæga stofnun. |
| 0550 – 0600 | **Aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar**<br>Aðilar sem, á skiladegi þeirra upplýsinga, eiga fjárhæðir í eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum sem svara til a.m.k. 150% kröfunnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB skulu undanþegnir því að tilkynna upplýsingarnar í línum 0550 til 0600. Slíkir aðilar geta að eigin frumkvæði valið að tilgreina þær upplýsingar í þessu sniðmáti. |
| 0550 | **Aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar**<br>Fjárhæðin fyrir eftirgefanlegar skuldbindingar, eins og skilgreind er í 71. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, sem ekki er hæf til að uppfylla kröfurnar í 45. gr. og 45. gr. f þeirrar tilskipunar. |
| 0560 | **Þar af sem falla undir lög þriðja lands**<br>Fjárhæðin fyrir aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar sem falla undir lög þriðja lands eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0570 | **Þar af sem innihalda niðurfærslu- og umbreytingarákvæði eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB**<br>Fjárhæðin fyrir aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar sem falla undir lög þriðja lands og innihalda niðurfærslu- og umbreytingarákvæði eins og um getur í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0580 – 0600 | **Sundurliðun annarra eftirgefanlegra skuldbindinga samkvæmt eftirstöðvatíma** |
| 0580 | Eftirstöðvatími < 1 ár |
| 0590 | Eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár |
| 0600 | Eftirstöðvatími >= 2 ár |
| 0610 | **Undanþegnar skuldir**<br>Ákvæði 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |

2.3. M 04.00 – Fjármögnunarskipulag hæfra skuldbindinga (LIAB-MREL)

2.3.1. Almennar athugasemdir

11. Í þessu sniðmáti þarf að fylla út upplýsingar um fjármögnunarskipulag hæfra skuldbindinga aðila sem falla undir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. Hæfar skuldbindingarnar eru sundurliðaðar eftir tegund skuldbindingar og líftíma.
12. Aðilar skulu einungis tilgreina skuldbindingar sem hæfar eru til að uppfylla lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/59/ESB (MREL /innri MREL) í þessu sniðmáti.
13. Ef gagnaskilaaðilinn er skilaaðili skal tilgreina hæfar skuldbindingar eins og skilgreindar eru í 71. lið a 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Ef um er að ræða hæfar skuldbindingar sem falla undir lög þriðja lands skal einungis taka með þær skuldbindingar sem uppfylla kröfurnar í 55. gr. þeirrar tilskipunar.
14. Ef gagnaskilaaðilinn er annar aðili en skilaaðili skal hann tilgreina hæfar skuldbindingar eins og um getur í a-lið 2. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB í þessu sniðmáti, og einnig taka, eftir atvikum, tillit til fjórðu undirgreinar 2. mgr. 89. gr. þeirrar tilskipunar. Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar í 55. gr. þeirrar tilskipunar.
15. Sundurliðunin eftir tegund skuldbindingar byggist á sama mengi skuldbindingategunda sem notað er í skýrslugjöf um gerð áætlana um skilameðferð í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1624. Tilvísanir til þeirrar reglugerðar eru veittar til að skilgreina mismunandi tegundir skuldbindinga.
16. Ef krafist er sundurliðunar líftíma skal eftirstöðvatíminn vera tíminn fram að samningsbundna gjalddaganum eða, í samræmi við skilyrðin í 2. eða 3. mgr. 72. gr. c reglugerð (ESB) nr. 575/2013, dagsetningin sem fyrst er mögulegt að nýta valréttinn. Ef um er að ræða áfangagreiðslur á höfuðstól, skal höfuðstólnum skipt upp og úthlutað á samsvarandi líftímabil. Eftir atvikum skal taka tillit til líftímans, aðskilið fyrir bæði höfuðstól og áfallna vexti.

2.3.2. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0100 | **HÆFAR SKULDBINDINGAR** |
| 0200 | **Innstæður, ekki tryggðar og ekki með forgangi >= 1 ár**<br>Innstæður, ekki tryggðar og ekki með forgangi, eins og skilgreindar eru að því er varðar línu 0320 í sniðmáti Z 02.00 í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1624, sem eru hæfar skv. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0210 | **þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár** |
| 0220 | **þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár** |
| 0230 | **þar af: útgefnar af dótturfélögum** |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0300 | **Óveðsettar tryggðar skuldbindingar >= 1 ár**<br>Innstæður, ekki tryggðar og ekki með forgangi, eins og skilgreint er að því er varðar línu 0340 í sniðmáti Z 02.00 í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1624, sem eru hæfar skv. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0310 | **þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár** |
| 0320 | **þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár** |
| 0330 | **þar af: útgefnar af dótturfélögum** |
| 0400 | **Samsettar skuldaviðurkenningar >= 1 ár**<br>Samsettar skuldaviðurkenningar, eins og skilgreindar eru að því er varðar línu 0350 í sniðmáti Z 02.00 í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1624, sem eru hæfar skv. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0410 | **þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár** |
| 0420 | **þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár** |
| 0430 | **þar af: útgefnar af dótturfélögum** |
| 0500 | **Ótryggðar forgangsskuldbindingar >= 1 ár**<br>Ótryggðar forgangsskuldbindingar, eins og skilgreindar eru að því er varðar línu 0360 í sniðmáti Z 02.00 í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1624, sem eru hæfar skv. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0510 | **þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár** |
| 0520 | **þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár** |
| 0530 | **þar af: útgefnar af dótturfélögum** |
| 0600 | **Víkjandi forgangsskuldbindingar >= 1 ár**<br>Víkjandi forgangsskuldbindingar, eins og skilgreindar eru að því er varðar línu 0365 í sniðmáti Z 02.00 í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1624, sem eru hæfar skv. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0610 | **þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár** |
| 0620 | **þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár** |
| 0630 | **þar af: útgefnar af dótturfélögum** |
| 0700 | **Víkjandi skuldir (ekki færðar sem eiginfjárgrunnur) >= 1 ár**<br>Víkjandi skuldir, eins og skilgreindar eru að því er varðar línu 0370 í sniðmáti Z 02.00 í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1624, sem eru hæfar skv. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0710 | **þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár** |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0720 | **þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár** |
| 0730 | **þar af: útgefnar af dótturfélögum** |
| 0800 | **Aðrar hæfar skuldbindingar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar >= 1 ár**<br>Allir aðrir gerningar sem eru hæfir skv. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 0810 | **þar af: eftirstöðvatími >= 1 ár og < 2 ár** |
| 0820 | **þar af: eftirstöðvatími >= 2 ár** |
| 0830 | **þar af: útgefnar af dótturfélögum** |

3. Forgangsröðun lánveitanda

17. Í sniðmátunum M 05.00 og M 06.00 er gerð grein fyrir röðunarflokkun hæfra skuldbindinga í skuldaröð lánveitanda. Bæði sniðmátin eru ætíð sett fram á einingastigi.
18. Ef um er að ræða aðila sem sjálfir eru ekki skilaaðilar er fjárhæðin sem úthlutað er í hvern röðunarflokk sundurliðuð enn frekar niður á fjárhæðir sem skuldaðar eru aðilanum í skilameðferð og aðrar fjárhæðir sem ekki eru skuldaðar aðilanum í skilameðferð, eftir atvikum.
19. Röðunin er sett fram frá minnstum forgangi til meiri forgangs. Bæta skal við línum fyrir forgangsröðunina þar til hæfasti gerningurinn með mestum forgangi og allar skuldbindingar sem flokkast jafngildar honum hafa verið tilgreind.

3.1. M 05.00 – Forgangsröðun lánveitanda (aðili sem ekki er skilaaðili)

3.1.1. Almennar athugasemdir

20. Aðilar sem falla undir skylduna um að uppfylla kröfuna í 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu tilgreina í þessu sniðmáti eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar að því er varðar innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, sem og aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar. Skuldbindingar sem eru undanskildar eftirgjöf skulu teknar með, að því marki sem þær eru flokkaðar jafngildar eða fyrir neðan gerning í forgangsröð sem tekinn er með í fjárhæðina fyrir hæfar skuldbindingar, að því er varðar innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar.
21. Aðilar sem ekki falla undir skylduna um að uppfylla kröfuna í 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, en falla undir skylduna um að uppfylla kröfuna í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB í samræmi við 45. gr. f þeirrar tilskipunar, skulu tilgreina í þessu sniðmáti eiginfjárgrunn og skuldbindingar sem hæfar eru að því er varðar innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, sem og aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar. Þrátt fyrir þetta geta aðilar valið að gefa upp sama umfang eiginfjárgrunns og skuldbindinga og tilgreint er í 20. mgr. hér að ofan.
22. Aðilar sem, á gagnaskiladegi þeirra upplýsinga, eiga fjárhæðir í eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum sem svara til a.m.k. 150% kröfunnar sem um getur í 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skulu undanþegnir því að tilkynna upplýsingar um aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar. Slíkir aðilar geta að eigin frumkvæði valið að tilgreina upplýsingar um aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar í þessu sniðmáti.
23. Samsetning dálka 0010 og 0020 er auðkenni línu sem skal vera einkvæmt fyrir allar línur í sniðmátinu.

3.1.2. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður

| Dálkar | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0010 | **Rétthæð vegna ógjaldfærni**<br>Rétthæð vegna ógjaldfærni í skuldaröð lánveitanda fyrir gagnaskilaaðilann skal tilgreind og byrja á þeim sem er í minnstum forgangi.<br>Rétthæð vegna ógjaldfærni skal falla undir einn af flokkum rétthæðar vegna ógjaldfærni sem birtur hefur verið af skilastjórnvaldinu í þeirri lögsögu. |
| 0020 | **Tegund lánveitanda**<br>Tegund lánveitanda skal vera annað af eftirfarandi:<br>— „skilaaðili“ |

| Dálkar | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| | Velja skal þessa skráningu til að tilgreina fjárhæðirnar sem skilaaðili skuldar beint eða óbeint í gegnum aðila sem tilheyra eignarhaldskeðjunni, eftir atvikum.<br>— „Aðrir aðilar en skilaaðilar“<br>Velja skal þessa skráningu til að tilgreina fjárhæðirnar sem aðrir lánveitendur skulda, eftir atvikum. |
| 0030 | **Lýsing á rétthæð vegna ógjaldfærni**<br>Lýsingin sem fylgir rétthæð vegna ógjaldfærni sem birt hefur verið af skilastjórnvaldinu í lögsögu þess, þegar stöðluð skrá sem inniheldur slíka lýsingu er tiltæk. Að öðrum kosti, eigin lýsing stofnunarinnar á rétthæð vegna ógjaldfærni, þar sem a.m.k. er getið megintegundar gernings með viðkomandi rétthæð vegna ógjaldfærni. |
| 0040 | **Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur**<br>Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn, hæfar skuldbindingar og, eftir atvikum, aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar sem úthlutað er rétthæð vegna ógjaldfærni sem gefin er upp í dálki 0010 skal tilgreind.<br>Eftir atvikum skal þessi dálkur einnig ná yfir skuldbindingar sem eru undanskildar eftirgjöf, að því marki sem forgangsröðun þeirra er lægri en eða jafngild eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum.<br>Ef um er að ræða aðila sem um getur í fyrsta málslið 21. mgr. skal skilja þennan dálk eftir auðan, nema þessir aðilar velji að beita undanþágunni í síðasta málslið 21. mgr. |
| 0050 | **Þar af undanþegnar skuldir**<br>Fjárhæðin fyrir skuldbindingar sem undanþegnar eru í samræmi við 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Ef skilastjórnvaldið ákveður að undanskilja skuldir í samræmi við 3. mgr. 44. gr. þeirrar tilskipunar skulu þær undanþegnu skuldir tilgreindar í þessari línu einnig.<br>Ef um er að ræða aðila sem um getur í fyrsta málslið 21. mgr. skal skilja þennan dálk eftir auðan, nema þessir aðilar velji að beita undanþágunni í síðasta málslið 21. mgr. |
| 0060 | **Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur að frádregnum undanþegnum skuldum**<br>Fjárhæðin fyrir skuldbindingar og eiginfjárgrunn, eins og gefin upp í dálki 0040, skal tilgreind, lækkuð með fjárhæðinni á undanþegnum skuldum sem gefin er upp í dálki 0050. |
| 0070 | **þar af: eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar að því er varðar innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar**<br>Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem reiknuð er með í innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 2. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB skal tilgreind. |
| 0080 – 0110 | **þar af: með eftirstöðvatíma**<br>Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem reiknuð er með í innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, eins og tilgreind er í dálki 0070, skal sundurliðuð samkvæmt eftirstöðvatíma hinna mismunandi gerninga og liða. Gerningar og liðir með ótakmarkaðan gildistíma skulu ekki teknir með í þessa sundurliðun heldur tilgreindir sérstaklega í dálki 0120. |
| 0080 | **≥ 1 ár < 2 ár** |
| 0090 | **≥ 2 ár < 5 ár** |
| 0100 | **≥ 5 ár < 10 ár** |

| Dálkar | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0110 | **≥ 10 ár** |
| 0120 | **Þar af: skuldabréf með ótakmarkaðan gildistíma** |

3.2. M 06.00 – Forgangsröðun lánveitanda (skilaaðili) (RANK)

3.2.1. Almennar athugasemdir

24. Aðilar sem falla undir skylduna um að uppfylla kröfuna í 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu tilgreina í þessu sniðmáti eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, að því er varðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, og aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar. Skuldbindingar sem eru undanskildar eftirgjöf skulu teknar með, að því marki sem þær eru flokkaðar jafngildar eða neðar í forgangsröð en gerningur sem tekinn er með í fjárhæðina fyrir hæfar skuldbindingar, að því er varðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar.
25. Aðilar sem ekki falla undir skylduna um að uppfylla kröfuna í 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 en falla undir skylduna um að uppfylla kröfuna í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB í samræmi við 45. gr. e þeirrar tilskipunar skulu tilgreina í þessu sniðmáti eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar að því er varðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem og aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar. Þessir aðilar geta valið að gefa upp sama umfang eigingjárgrunns og skuldbindinga og tilgreint er í 24. mgr. hér að ofan.
26. Aðilar sem, á gagnaskiladegi þeirra upplýsinga, eiga fjárhæðir í eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum sem svara til a.m.k. 150% kröfunnar sem um getur í 1. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skulu undanþegnir því að tilkynna upplýsingar um aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar. Slíkir aðilar geta að eigin frumkvæði valið að tilgreina upplýsingar um aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar í þessu sniðmáti.

3.2.2. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður

| Dálkar | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0010 | **Rétthæð vegna ógjaldfærni**<br>Sjá leiðbeiningar um dálk 0010 í sniðmáti M 05.00<br>Þessi dálkur er auðkenni línu sem skal vera einkvæmt fyrir allar línur í sniðmátinu. |
| 0020 | **Lýsing á rétthæð vegna ógjaldfærni**<br>Sjá leiðbeiningar um dálk 0030 í sniðmáti M 05.00 |
| 0030 | **Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur**<br>Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn, hæfar skuldbindingar og, eftir atvikum, aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar sem úthlutað er rétthæð vegna ógjaldfærni sem gefin er upp í dálki 0010 skal tilgreind.<br>Eftir atvikum skal þessi dálkur einnig ná yfir skuldbindingar sem eru undanskildar eftirgjöf, að því marki sem rétthæð þeirra er lægri en eða jafngild hæfum skuldbindingum.<br>Ef um er að ræða aðila sem um getur í fyrsta málslið 25. mgr. skal skilja þennan dálk eftir auðan, nema þessir aðilar velji að beita undanþágunni í síðasta málslið 25. mgr. |
| 0040 | **Þar af undanþegnar skuldir**<br>Fjárhæð fyrir skuldbindingar sem undanþegnar eru skv. 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>Ef um er að ræða aðila sem um getur í fyrsta málslið 25. mgr. skal skilja þennan dálk eftir auðan, nema þessir aðilar velji að beita undanþágunni í öðrum málslið 25. mgr. |
| 0050 | **Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur að frádregnum undanþegnum skuldum**<br>Fjárhæðin fyrir skuldbindingar og eiginfjárgrunn, eins og gefin er upp í dálki 0030, skal tilgreind, lækkuð með fjárhæðinni á undanþegnum skuldum sem gefin er upp í dálki 0040. |
| 0060 | **þar af: eiginfjárgrunnur og skuldbindingar sem mögulega eru hæfar til að uppfylla lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar**<br>Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og skuldbindingar sem eru hæfar að því er varðar að uppfylla kröfurnar í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, í samræmi við 45. gr. e þeirrar tilskipunar. |

| Dálkar | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0070 – 0100 | **þar af: með eftirstöðvatíma**<br>Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og skuldbindingar sem eru hæfar að því er varðar að uppfylla kröfuna í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, í samræmi við 45. gr. e þeirrar tilskipunar, eins og tilgreint er í dálki 0060, skal sundurliðuð samkvæmt eftirstöðvatíma hinna mismunandi gerninga og liða. Gerningar og liðir með ótakmarkaðan gildistíma skulu ekki teknir með í þessa sundurliðun heldur tilgreindir sérstaklega í dálki 0110. |
| 0070 | **≥ 1 ár < 2 ár** |
| 0080 | **≥ 2 ár < 5 ár** |
| 0090 | **≥ 5 ár < 10 ár** |
| 0100 | **≥ 10 ár** |
| 0110 | **Þar af: skuldabréf með ótakmarkaðan gildistíma** |

4. M 07.00 – Gerningar sem falla undir lög þriðja lands (MTCI)

4.1. Almennar athugasemdir

27. Í sniðmáti M 07.00 er sett fram, eftir hverjum og einum samningi fyrir sig, sundurliðun á gerningum sem eru hæfir sem eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar að því er varðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. Eingöngu gerningar sem falla undir lög þriðja lands skulu tilgreindir í sniðmátinu.
28. Í tengslum við hæfar skuldbindingar sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum, skulu aðilar eingöngu tilgreina skuldabréf sem eru jafngeng framseljanlegum fjármálagerningum, að undanskildum lánum og innstæðum.
29. Ef um er að ræða gerninga sem að hluta til eru hæfir fyrir tvo mismunandi flokka eiginfjárgrunns eða hæfra skuldbindinga skal gerningurinn tilgreindur tvisvar til að endurspegla fjárhæðirnar sem úthlutað er á hina mismunandi fjármagnsflokka sérstaklega.
30. Samsetning dálka 0020 (Kóði útgáfuaðila), 0040 (Samningsauðkenni) og 0070 (Tegund eiginfjárgrunns eða hæfra skuldbindinga) mynda auðkenni línu sem verður að vera einkvæmt fyrir hverja línu sem tilgreind er í sniðmátinu.

4.2. Leiðbeiningar varðandi sértækar stöður

| Dálkar | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0010 – 0030 | **Útgáfuaðili**<br>Þegar upplýsingarnar eru tilgreindar með tilvísun til skilasamstæðu skal gefa upp þann aðila í samstæðunni sem gaf út viðkomandi gerning. Þegar upplýsingarnar eru tilgreindar með tilvísun til einstaks skilaaðila skal útgáfuaðilinn vera gagnaskilaaðilinn sjálfur. |
| 0010 | **Heiti**<br>Heiti aðilans sem gaf út eiginfjárgrunnsgerninginn eða hæfa skuldagerninginn. |
| 0020 | **Kóði**<br>Kóði aðilans sem gaf út eiginfjárgrunnsgerninginn eða hæfa skuldagerninginn.<br>Kóðinn sem hluti af auðkenni línu verður að vera einkvæmur fyrir hvern tilgreindan aðila. Fyrir stofnanir skal kóðinn vera LEI-kóðinn. Fyrir aðra aðila skal kóðinn vera LEI-kóðinn, eða ef hann er ekki tiltækur, landsbundinn kóði. Kóðinn skal vera einkvæmur og notaður með samræmdum hætti í öllum sniðmátunum og á öllum tímum. Kóðinn skal ætíð hafa gildi. |
| 0030 | **Tegund kóða**<br>Stofnanirnar skulu auðkenna tegund kóða sem tilgreindur er í dálki 0020 sem „LEI kóða“ eða „ekki LEI kóða“. Alltaf skal tilgreina tegund kóða. |

| Dálkar | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 0040 | **Auðkenni samnings**<br>Auðkenni samnings fyrir gerninginn, s.s. CUSIP-númer, ISIN-númer eða Bloombergs-auðkenni fyrir lokuð útboð, skulu tilgreind.<br>Þessi liður er hluti af auðkenni línu. |
| 0050 | **Gildandi lög (þriðja land)**<br>Þriðja landið (önnur lönd en löndin á Evrópska efnahagssvæðinu) þar sem lög gilda um samninginn, eða hluta samningsins, skal gefið upp. |
| EU-12c | **Gerningar undir þætti 2 með a.m.k. eins árs eftirstöðvatíma, að því marki sem þeir eru ekki hæfir sem liðir þáttar 2**<br>Afskrifaður hluti gerninga undir þætti 2 þar sem eftirstöðvatíminn er lengri en eitt ár (b-liður 1. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013).<br>Einungis skal setja í þessa línu fjárhæðina sem ekki er færð í eiginfjárgrunn en uppfyllir allar hæfisviðmiðanir sem mælt er fyrir um í 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Ef um er að ræða lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skulu gerningar sem falla undir lög þriðja lands eingöngu teknir með í þessa línu ef þeir uppfylla kröfurnar í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 13 | **Hæfar skuldbindingar sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum (sem eldri reglur gilda ekki um, fyrir beitingu þaks)**<br>*Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Skuldbindingar sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB og eru ekki að fullu víkjandi gagnvart kröfum sem leiða af undanþegnum skuldum sem um getur í 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>*Heildartapþol*<br>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema hvað varðar d-lið 2. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, og verður mögulega heimilað að teljast hæfir skuldagerningar skv. 3. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar eða er heimilað að teljast hæfir skuldagerningar skv. 4. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar.<br>Þegar ákvæði 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða 2. mgr. 494. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eiga við, skal birta í þessari línu heildafjárhæðina án beitingar 3,5% og 2,5% þaksins, eftir því sem við á.<br>Þessi lína skal ekki innihalda neinar fjárhæðir sem færðar eru inn á grundvelli umbreytingarákvæðis í samræmi við 3. mgr. 494. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| EU-13a | **Hæfar skuldbindingar sem ekki eru víkjandi gagnvart undanþegnum skuldum, gefnum út fyrir 27. júní 2019 (fyrir beitingu þaks)**<br>*Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:<br>— þær voru gefnar út fyrir 27. júní 2019,<br>— þær uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB og eru ekki að fullu víkjandi gagnvart kröfum sem leiða af undanþegnum skuldum sem um getur í 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,<br>— þær teljast hæfar skuldbindingar vegna eldri reglna sem settar eru fram í 3. mgr. 494. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>*Heildartapþol*<br>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:<br>— þær voru gefnar út fyrir 27. júní 2019,<br>— þær uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema hvað varðar d-lið 2. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar, og verður mögulega heimilað að teljast hæfir skuldagerningar skv. 3. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar eða er heimilað að teljast hæfir skuldagerningar skv. 4. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,<br>— þær teljast hæfar skuldbindingar vegna eldri reglna sem settar eru fram í 3. mgr. 494. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Þegar ákvæði 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða 2. mgr. 494. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 gilda, skal tilgreina í þessari línu heildafjárhæðina án beitingar 3,5% og 2,5% þaksins, eftir því sem við á. |
| 14 | **Fjárhæð hæfra skuldagerninga sem ekki eru víkjandi, þegar við á eftir beitingu ákvæðis 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar ESB) nr. 575/2013**<br>*Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Þessi lína skal vera jöfn línu 13, plús lína EU-13a.<br>*Heildartapþol* |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| | Þegar ákvæði 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er beitt sýnir þessi lína samtölu fjárhæðanna sem birtar eru í línum 13 og 13a hér að ofan, eftir beitingu ákvæðis 3. mgr. 72. gr. b eða 2. mgr. 494. gr. þeirrar reglugerðar, eftir því sem við á.<br>Þegar ákvæði 3. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er ekki beitt, en aðilinn hagnast af beitingu ákvæðis 4. mgr. 72. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal þessi lína vera jöfn línu 13, plús lína EU-13a. |
| 17 | **Liðir hæfra skuldbindinga fyrir leiðréttingar**<br>Liðir hæfra skuldbindinga fyrir leiðréttingar. Skal reiknað út sem lína 12, plús lína EU-12a, plús lína EU-12b, plús lína EU-12c, plús lína 14. |
| EU-17a | **Liðir hæfra skuldbindinga fyrir leiðréttingar – þar af víkjandi skuldaliðir**<br>*Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Hæfar skuldbindingar sem teknar eru með í fjárhæðina fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skv. 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB, sem eru víkjandi hæfir gerningar eins og skilgreint er í 71. lið b 1. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar, og skuldbindingar gefnar út af dótturfélögum sem teknar eru með í lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 3. mgr. 45. gr. b þeirrar tilskipunar.<br>Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>*Heildartapþol*<br>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla allar kröfurnar sem settar eru fram í 72. gr. a til 72. gr. d reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að undanskildum skuldbindingum sem heimilað hefur verið að teljist hæfir skuldagerningar skv. 3. eða 4. mgr. 72. gr. b þeirrar reglugerðar.<br>Í þessari línu skal taka með víkjandi skuldir sem eru hæfar vegna eldri reglna í samræmi við 494. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og afskrifaðan hluta gerninga undir þætti 2 þar sem eftirstöðvatími er lengri en eitt ár (b-liður 1. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013).<br>Skal reiknað út sem lína 12, plús lína EU-12a, plús lína EU-12b, plús lína EU-12c. |
| 18 | **Eiginfjárgrunnur og liðir hæfra skuldbindinga fyrir leiðréttingar**<br>Eiginfjárgrunnur og liðir hæfra skuldbindinga fyrir leiðréttingar. Skal reiknað út sem lína 11, plús lína 17. |
| 19 | **(Frádráttur af áhættuskuldbindingum milli skilasamstæðna í margvíðri skilaaðgerð)**<br>Neikvæð fjárhæð<br>Frádráttur af áhættuskuldbindingum milli skilasamstæðna í margvíðri skilaaðgerð sem eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu, sem samsvarar beinum, óbeinum eða tilbúnum eignarhlut í eiginfjárgrunnsgerningum eða hæfum skuldagerningum eins eða fleiri dótturfélaga sem ekki tilheyra sömu skilasamstæðu og skilaaðili, í samræmi við 4. mgr. 72. gr. e reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| 20 | **(Frádráttur af fjárfestingum í öðrum hæfum skuldagerningum)**<br>Neikvæð fjárhæð<br>Frádráttur af fjárfestingum í öðrum hæfum skuldagerningum í samræmi við 1. til 3. mgr. 72. gr. e, 72. gr. f, 72. gr. g, 72. gr. h, 72. gr. i og 72. gr. j reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Fjárhæð sem draga á frá liðum hæfra skuldbindinga í samræmi við 2. þátt 5. kafla a í I. bálki annars hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 22 | **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar eftir leiðréttingar**<br>Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar eins og skilgreind eru í 72. gr. l reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Skal reiknað út sem lína 18, plús lína 19, plús lína 20.<br>*Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem reiknuð er með í lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skal birta sem samtöluna á:<br>i) eiginfjárgrunni eins og settur er fram í 118. lið 1. mgr. 4. gr. og 72. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,<br>ii) hæfum skuldbindingum eins og þær eru skilgreindar í 71. lið a 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>*Heildartapþol*<br>Fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem reiknuð er með í heildartapþol skal vera fjárhæðin sem um getur í 72. gr. l reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem samanstendur af:<br>i) eiginfjárgrunni eins og settur er fram í 118. lið 1. mgr. 4. gr. og 72. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,<br>ii) hæfum skuldbindingum eins og um getur í 72. gr. k reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| EU-22a | **Þar af eiginfjárgrunnur og víkjandi skuldir**<br>Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem tekin eru með í fjárhæðina fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB, sem eru víkjandi hæfir gerningar eins og skilgreindir eru í 71. lið b 1. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar, og skuldbindingar sem teknar eru með í fjárhæðina fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skv. 3. mgr. 45. gr. b tilskipunar 2014/59/ESB. |
| 23 | **Heildaráhættugrunnur**<br>Fjárhæð heildaráhættugrunns skilasamstæðunnar í samræmi við síðustu undirgrein 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Fjárhæð heildaráhættugrunnsins sem birt er í þessari línu skal vera heildaráhættugrunnsfjárhæðin sem er grunnurinn að reglufylgni við kröfurnar í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eða 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eftir því sem við á. |
| 24 | **Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar**<br>Samkvæmt b-lið 2 mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB er heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar reiknuð út í samræmi við 4. mgr. 429. gr. og 429. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar sem tilgreind er í þessari línu skal vera heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar sem er grunnurinn að reglufylgni við kröfurnar í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eða 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eftir því sem við á. |
| 25 | **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildaráhættugrunni**<br>Að því er varðar þessa línu, í samræmi við a-lið 2. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem reiknuð er með í lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar eða heildartapþol, eftir því sem við á, gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Skal reiknað út sem lína 22, deilt með línu 23. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| EU-25a | **Þar af eiginfjárgrunnur og víkjandi skuldir**<br>Að því er varðar þessa línu skal fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og víkjandi hæfar skuldbindingar sem reiknuð er með í lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Skal reiknað út sem lína 22a, deilt með línu 23. |
| 26 | **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar**<br>Að því er varðar þessa línu, í samræmi við b-lið 2. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem reiknuð er með í lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar eða heildartapþol, gefin upp sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar, reiknað út í samræmi við 4. mgr. 429. gr. og 429. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Skal reiknað út sem lína 22, deilt með línu 24. |
| EU-26a | **Þar af eiginfjárgrunnur og víkjandi skuldir**<br>Að því er varðar þessa línu skal fjárhæðin fyrir eiginfjárgrunn og víkjandi hæfar skuldbindingar sem reiknuð er með í lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar gefin upp sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar, reiknað út í samræmi við 4. mgr. 429. gr. og 429. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Skal reiknað út sem lína 22a, deilt með línu 24. |
| 27 | **Almennt eigið fé þáttar 1 (sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tiltækt er eftir að kröfur skilasamstæðunnar hafa verið uppfylltar**<br>Fjárhæðin á almennu eigin fé þáttar 1, sem hlutfall af heildaráhættugrunni, jöfn og núll eða jákvæð, sem tiltæk er eftir að sérhver krafa sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 141. gr. a tilskipunar 2013/36/ESB hefur verið uppfyllt, og sú hærri af:<br>a) eftir atvikum, kröfunni um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu sem mælt er fyrir um í 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þegar hún er reiknuð út í samræmi við a-lið 1. mgr. þeirrar greinar og<br>b) lágmarkskröfunni um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem mælt er fyrir um í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, þegar hún er reiknuð út í samræmi við a-lið 2. mgr. þeirrar greinar.<br>Talan sem birt er skal vera sú sama bæði í dálknum fyrir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og dálknum fyrir heildartapþol.<br>Í henni skal taka tillit til áhrifanna af umbreytingarákvæðum á eiginfjárgrunninn og hæfar skuldbindingar, heildaráhættugrunninn og kröfurnar sjálfar. Hvorki leiðbeiningarnar um viðbótareiginfjárgrunn eins og um getur í 104. gr. b tilskipunar 2013/36/ESB, né samanlagða eiginfjáraukakrafan í 6. lið fyrstu undirgreinar 128. gr. þeirrar tilskipunar skulu teknar til greina. |
| 28 | **Sértæk samanlögð eiginfjáraukakrafa fyrir hverja stofnun**<br>Sértæk samanlögð eiginfjáraukakrafa fyrir hverja stofnun sem skilgreind er í 6. lið fyrstu undirgreinar 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni, sem gildir um skilasamstæðuna í samræmi við 6. lið fyrstu undirgreinar þeirrar greinar. |
| 29 | **Sértæk samanlögð eiginfjáraukakrafa fyrir hverja stofnun – þar af krafa um verndunarauka**<br>Fjárhæð samanlagðs eiginfjárauka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um verndunarauka. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 30 | **Sértæk samanlögð eiginfjáraukakrafa fyrir hverja stofnun – þar af krafa um sveiflujöfnunarauka**<br>Fjárhæð samanlagðs eiginfjárauka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um sveiflujöfnunarauka. |
| 31 | **Sértæk samanlögð eiginfjáraukakrafa fyrir hverja stofnun – þar af krafa um eiginfjárauki vegna kerfisáhættu**<br>Fjárhæð samanlagðs eiginfjárauka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um eiginfjárauka vegna kerfisáhættu. |
| EU-31a | **Sértæk samanlögð eiginfjáraukakrafa fyrir hverja stofnun – þar af eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (G-SII) eða aðra kerfislega mikilvæga stofnun (O-SII)**<br>Fjárhæð samanlagðs eiginfjárauka fyrir hverja stofnun (gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tengist kröfunni um eiginfjárauka fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu eða aðra kerfislega mikilvæga stofnun. |
| EU-32 | **Heildarfjárhæð undanþeginna skulda sem um getur í 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013** |

4. EU iLAC: Innra tapþol: innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og, eftir atvikum, krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu utan Sambandsins (innra heildartapþol)

   7. Í þessu sniðmáti eru birtar upplýsingar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar aðila sem sjálfir eru ekki skilaaðilar að því er varðar kröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem mælt er fyrir um í 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB (innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar), sem og kröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar að því er varðar kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu utan Sambandsins, sem gilda um mikilvæg dótturfélög kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu í þriðja landi sem mælt er fyrir um í 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (innra heildartapþol).

| Dálkar | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| a | Í þessum dálki skulu aðilar birta viðkomandi upplýsingar um innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 45. gr. og 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB. |
| b | Aðilar sem eru mikilvæg dótturfélög kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu utan Sambandsins skv. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu birta í þessum dálki viðkomandi upplýsingar um innra heildartapþol í samræmi við 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| c | Eigindlegar upplýsingar sem tengjast gildandi kröfu og beitingarstiginu. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| EU-1 | **Fellur aðilinn undir kröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu utan Sambandsins? (Y/N)**<br>Hvort aðilinn fellur undir kröfuna um innra heildartapþol skv. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| EU-2 | **Ef EU-1 er svarað „Já“, gildir krafan á samstæðu- eða einingagrunni? (C/I)**<br>Hvort aðilinn fellur undir kröfuna um innra heildartapþol á samstæðu- eða einingagrunni, skv. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Ef krafan er á samstæðugrunni skal færa inn í allt þetta sniðmát á samstæðugrunni. Í öllum öðrum tilvikum skal fylla út í þetta sniðmát á einingargrunni. |
| EU-2a | **Fellur aðilinn undir innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar? (Y/N)**<br>Hvort aðilinn fellur undir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skv. 45. gr. og 45. gr. f í tilskipunar 2014/59/ESB. |
| EU-2b | **Ef EU-2a er svarað „Já“, gildir krafan á samstæðu- eða einingagrunni? (C/I)**<br>Hvort aðilinn fellur undir innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á samstæðu- eða einingagrunni.<br>Ef krafan er á samstæðugrunni skal færa inn í allt þetta sniðmát á samstæðugrunni. Í öllum öðrum tilvikum skal fylla út í þetta sniðmát á einingargrunni. |
| EU-3 | **Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1)**<br>Ákvæði 50. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013<br>Almennt eigið fé þáttar 1, á samstæðu- eða einingagrunni, eftir atvikum, í samræmi við 50. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. |
| EU-4 | **Hæft viðbótareigiðfé þáttar 1**<br>Ákvæði 61. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013<br>Viðbótareiginfjárgerningar þáttar 1 skulu eingöngu teknir til greina ef þeir uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og í ii. lið b-liðar 2. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB.<br>Ef um er að ræða innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skulu gerningar sem um getur í fjórðu undirgrein 2. mgr. 89. gr. tilskipunar 2014/59/ESB teknir með þar sem sú málsgrein á við. Gerningar sem falla undir lög þriðja lands skulu eingöngu teknir með ef þeir uppfylla kröfurnar í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |
| EU-5 | **Hæfur eiginfjárþáttur 2**<br>Ákvæði 71. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013<br>Gerningar undir þætti 2 skulu eingöngu teknir til greina ef þeir uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og í ii. lið b-liðar 2. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB.<br>Ef um er að ræða innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skulu gerningar sem um getur í fjórðu undirgrein 2. mgr. 89. gr. tilskipunar 2014/59/ESB teknir með þar sem sú málsgrein á við. Gerningar sem falla undir lög þriðja lands skulu eingöngu teknir með ef þeir uppfylla kröfurnar í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. |
| EU-6 | **Hæfur eiginfjárgrunnur**<br>Samtalan á almennu eigin fé þáttar 1, hæfu viðbótareiginfé þáttar 1 og hæfum eiginfjárþætti 2. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| EU-7 | **Hæfar skuldbindingar**<br>*Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Hæfar skuldbindingar sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB, og einnig að teknu tilliti til, eftir atvikum, fjórðu undirgreinar 2. mgr. 89. gr. þeirrar tilskipunar.<br>Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>Ef skilastjórnvald dótturfélagsins heimilar aðilanum að uppfylla innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar með tryggingum, skal einnig taka með í þessa línu tryggingafjárhæðirnar sem skilaaðili leggur fram og uppfylla öll skilyrðin sem sett eru fram í 5. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB.<br>*Innra heildartapþol*<br>Reikna skal út fjárhæðina á hæfum skuldbindingum í samræmi við 72. gr. k reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þegar þessar skuldbindingar uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. 92. gr. b þeirrar reglugerðar. |
| EU-8 | **Hæfar skuldbindingar – þar af heimilaðar tryggingar**<br>Ef skilastjórnvald dótturfélagsins heimilar aðilanum að uppfylla innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar með tryggingum, tryggingafjárhæðirnar sem skilaaðili leggur fram og uppfylla öll skilyrðin sem sett eru fram í 5. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB. |
| EU-9a | **(Leiðréttingar)**<br>Neikvæð fjárhæð<br>Frádráttur eða jafngildi hans sem krafist er í samræmi við aðferðina sem sett er fram í framseldu reglugerðinni er um getur í 6. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB. |
| EU-9b | **Eiginfjárgrunnur og liðir hæfra skuldbindinga eftir leiðréttingar**<br>*Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Fjárhæðir hæfs eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga aðilans, að frádregnum leiðréttingum, sem reiknaðar eru með í innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar eins og sett er fram í 2. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB, og einnig að teknu tilliti til, eftir atvikum, fjórðu undirgreinar 2. mgr. 89. gr. þeirrar tilskipunar. Ef um er að ræða gerninga sem falla undir lög þriðja lands skal gerningurinn eingöngu tekinn með í þessa línu ef hann uppfyllir kröfurnar í 55. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.<br>Skal reiknað út sem lína EU-6, plús lína EU-7, plús lína EU-9a.<br>*Innra heildartapþol*<br>Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem reiknuð eru með í kröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu utan Sambandsins, eins og sett er fram í 2. mgr. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Skal reiknað út sem lína EU-6, plús lína EU-7. |
| EU-10 | **Heildaráhættugrunnur**<br>Heildaráhættugrunnur einstakra aðila eða samstæðunnar á því stigi sem kröfurnar hafa verið ákvarðar, eftir því sem við á, í samræmi við síðustu undirgrein 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Fjárhæð heildaráhættugrunnsins sem tilgreind er í þessari línu skal vera heildaráhættugrunnurinn sem er grunnurinn að reglufylgni við kröfurnar í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eða í 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eftir því sem við á. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| EU-11 | **Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar**<br>Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar (nefnari fyrir vogunarhlutfall) einstakra aðila eða samstæðunnar á því stigi sem kröfurnar hafa verið ákvarðar, eftir því sem við á, í samræmi við 4. mgr. 429. gr. og 429. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.<br>Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar sem tilgreind er í þessari línu skal vera heildarmælistærð áhættu-skuldbindingarinnar sem er grunnurinn að reglufylgni við kröfurnar í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB eða 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eftir því sem við á. |
| EU-12 | **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildaráhættugrunni**<br>Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildaráhættugrunni.<br>Skal reiknað út sem lína EU-9b, deilt með línu EU-10. |
| EU-13 | **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildaráhættugrunni – þar af heimilaðar tryggingar**<br>Ef skilastjórnvald dótturfélagsins heimilar aðilanum að uppfylla innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar með tryggingum, tryggingafjárhæðirnar sem skilaaðili leggur fram og uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 5. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB, sem hlutfall af heildaráhættugrunni.<br>Skal reiknað út sem lína EU-8, deilt með línu EU-10. |
| EU-14 | **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar**<br>Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar.<br>Skal reiknað út sem lína EU-9b, deilt með línu EU-11. |
| EU-15 | **Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar – þar af heimilaðar tryggingar**<br>Ef skilastjórnvald dótturfélagsins heimilar aðilanum að uppfylla innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar með tryggingum, tryggingafjárhæðirnar sem skilaaðili leggur fram og uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 5. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB, sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar.<br>Skal reiknað út sem lína EU-8, deilt með línu EU-11. |
| EU-16 | **Almennt eigið fé þáttar 1 (sem hlutfall af heildaráhættugrunni) sem tiltækt er eftir að kröfur aðilans hafa verið uppfylltar**<br>Fjárhæð almenns eigin fjár þáttar 1, jöfn og núll eða jákvæð, sem tiltæk er eftir að sérhver krafa sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 141. gr. a tilskipunar 2013/36/ESB hefur verið uppfyllt, og sú hærri af:<br>a) eftir atvikum, kröfunni um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu utan Sambandsins skv. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þegar reiknuð er út í samræmi við 1. mgr. 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem 90% af kröfunni í a-lið 1. mgr. 92. gr. a þeirrar reglugerðar og<br>b) lágmarkskröfunni um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skv. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB, þegar reiknuð er út í samræmi við a-lið 2. mgr. 45. gr. þeirrar tilskipunar.<br>Talan sem birt er skal vera sú sama bæði í dálknum fyrir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuld-bindingar og dálknum fyrir heildartapþol.<br>Í henni skal taka tillit til áhrifanna af umbreytingarákvæðum á eiginfjárgrunninn og hæfar skuldbindingar, heildaráhættugrunninn og kröfurnar sjálfar. Hvorki leiðbeiningarnar um viðbótareiginfjárgrunn eins og um getur í 104. gr. b tilskipunar 2013/36/ESB, né samanlagða eiginfjáraukakrafan í 6. lið fyrstu undirgreinar 128. gr. þeirrar tilskipunar skulu teknar til greina. |

| Lína | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| EU-17 | **Sértæk samanlögð eiginfjáraukakrafa fyrir hverja stofnun**<br>Sértæk samanlögð eiginfjáraukakrafa fyrir hverja stofnun sem skilgreind er í 6. lið fyrstu undirgreinar 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni, sem gildir um aðilann í samræmi við 6. lið fyrstu undirgreinar 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB. |
| EU-18 | **Krafa gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni**<br>*Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem gildir um aðilann í samræmi við 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB, gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni (á eininga- eða samstæðustigi, eftir því sem við á).<br>*Innra heildartapþol*<br>Krafa sem sett er fram í 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunns-fjárhæðinni (á einingar- eða samstæðustigi, eftir því sem við á). |
| EU-19 | **Krafa gefin upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni – þar af hluti kröfunnar sem hægt er að uppfylla með tryggingu**<br>Eftir atvikum, hluti kröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, gefin upp sem hlutfall af heildar-áhættugrunni, sem skilaaðili getur uppfyllt með tryggingu í samræmi við 5. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB. |
| EU-20 | **Krafa gefin upp sem hundraðshluti af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar**<br>*Innri lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*<br>Krafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem gildir um aðilann í samræmi við 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB, gefin upp sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar (á einingarstigi eða samstæðustigi móðurfélags í Sambandinu, eftir því sem við á).<br>*Innra heildartapþol*<br>Krafa sem sett er fram í 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, gefin upp sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar (á einingar- eða samstæðustigi, eftir því sem við á). |
| EU-21 | **Krafa gefin upp sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar (TEM) – þar af hluti kröfunnar sem hægt er að uppfylla með tryggingu**<br>Eftir atvikum, hluti kröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, gefin upp sem hlutfall af heildar-mælistærð áhættuskuldbindingarinnar, sem skilaaðili getur uppfyllt með tryggingu í samræmi við 5. mgr. 45. gr. f tilskipunar 2014/59/ESB. |
| EU-22 | **Heildarfjárhæð undanþeginna skulda sem um getur í 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013** |

5. EU TLAC2: Forgangsröðun lánveitanda – aðilar sem sjálfir eru ekki skilaaðilar

   8. Upplýsingarnar í þessu sniðmáti EU TLAC2 eru birtar á stigi einstakra aðila.
   9. Sniðmátið EU TLAC2 er til í tveim útgáfum, EU TLAC2a og EU TLAC2b. TLAC2a nær yfir alla fjármögnun sem er jafngild eða lægra sett en hæfir gerningar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, þ.m.t. eiginfjárgrunnur og aðrir fjármagnsgerningar. EU TLAC2b nær eingöngu yfir eiginfjárgrunn og skuldbindingar sem eru hæfar til að uppfylla kröfuna í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, í samræmi við 45. gr. f þeirrar tilskipunar.
   10. Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. þessarar reglugerðar, geta aðilar sem ekki falla undir skylduna um að uppfylla kröfuna í 92. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, en falla undir skylduna um að uppfylla kröfuna í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB í samræmi við 45. gr. f þeirrar tilskipunar, valið hvort þeir nota EU TLAC2a eða EU TLAC2b til að uppfylla birtingarkröfuna sem sett er fram í b-lið 3. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB.
   11. Frá dagsetningunni þegar ákvæði 3. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB kemur til framkvæmda skulu útgáfuaðilar birta upplýsingar í sniðmáti TLAC2a um skuldbindingar sem mögulega eru hæfar til að uppfylla kröfurnar um innri lágmarkskröfu

um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og innra heildartapþol. Fyrir þá dagsetningu skulu útgáfuaðilar birta upplýsingar um skuldbindingar sem mögulega eru hæfar til að uppfylla kröfuna um innra heildartapþol.

12. Útistandandi fjárhæðir sem um getur í línunum verður að skipta upp í rétthæðarflokka vegna ógjaldfærni á grundvelli laga um ógjaldfærni fyrir útgáfuaðilann, án tillits til þeirra laga sem gilda um gerninginn.
13. Forgangsröðunin á ógjaldfærni skal vera sú sem lögbæra skilastjórnvaldið hefur tilkynnt um í samræmi við stöðluðu framsetninguna sem tilgreind er í 8. gr. þessarar reglugerðar.
14. Röðunin er sett fram frá minnstum forgangi til meiri forgangs. Bæta verður við dálkum fyrir röðunina þar til hinir mögulega hæfu gerningar með mestum forgangi hafa verið birtir.
15. Fjárhæðin, sem úthlutað er í hvern röðunarflokk, er sundurliðuð frekar niður á fjárhæðir í eigu skilaaðila, þ.m.t. fjárhæðir í beinni eða óbeinni eigu skilaaðila í gegnum aðila í eignarhaldskeðjunni, eftir atvikum, og aðrar fjárhæðir sem ekki eru í eigu skilaaðila, eftir atvikum. Heildarfjárhæðin fyrir hverja línu er sett inn í síðasta dálk hverrar línu.

| Línur | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 1 | **Autt mengi í ESB** |
| 2 | **Lýsing á rétthæð vegna ógjaldfærni (eigin texti)**<br>Fjöldi rétthæðarflokka vegna ógjaldfærni (n) í skuldaröð lánveitanda er háður skuldbindingamengi útgáfuaðilans. Lýsingin ætti að innihalda nánari skýringu á tegundum krafna sem eru innan þeirra rétthæðarflokka vegna ógjaldfærni (t.d. almennt eigið fé þáttar 1, gerningar undir þætti 2).<br>Einn dálkur er fyrir hvern rétthæðarflokk vegna ógjaldfærni þar sem fjárhæðin er alfarið í eigu skilaaðila, þ.m.t. fjárhæðir í beinni eða óbeinni eigu skilaaðila í gegnum aðila sem tilheyra eignarhaldskeðjunni, eftir atvikum, og annar dálkur þar sem hluti fjárhæðarinnar í röðunarflokki er einnig í eigu eigenda sem sjálfir eru ekki skilaaðilar. |
| 3 | **Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur**<br>Fjárhæðir eiginfjárgrunns, hæfra skuldbindinga og skuldbindinga sem flokkast lægra en eða jafngildar eiginfjárgrunni eða hæfum skuldbindingum.<br>Þetta skal einnig innihalda skuldbindingar sem eru undanskildar eftirgjöf.<br>Þessi lína á ekki við í sniðmáti EU TLAC2b. |
| 4 | **Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur – þar af undanþegnar skuldir**<br>Sundurliðun skulda sem undanþegnar eru skv. 72. gr. a (2. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða 44. gr. (2. mgr.) tilskipunar 2014/59/ESB og, eftir atvikum, 44. gr. (3. mgr.) tilskipunar 2014/59/ESB.<br>Þessi lína á ekki við í sniðmáti EU TLAC2b. |
| 5 | **Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur að frádregnum undanþegnum skuldum**<br>Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur að frádregnum undanþegnum skuldum.<br>Þessi lína á ekki við í sniðmáti EU TLAC2b. |
| 6 | **Hlutmengi skuldbindinga og eiginfjárgrunns að frádregnum undanþegnum skuldum sem eru eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar að því er varðar innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar/innra heildartapþol**<br>Sundurliðun fjárhæðar eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga að því er varðar innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar eða að því er varðar innra heildartapþol, eftir því sem við á, í samræmi við 11. mgr. hér að ofan. |
| 7 | **Þar af eftirstöðvatími ≥ 1 ár < 2 ár**<br>Hlutmengi línu 6 með viðkomandi eftirstöðvatíma. |
| 8 | **Þar af eftirstöðvatími ≥ 2 ár < 5 ár** |

| Línur | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| | Hlutmengi línu 6 með viðkomandi eftirstöðvatíma. |
| 9 | **Þar af eftirstöðvatími ≥ 5 ár < 10 ár**<br>Hlutmengi línu 6 með viðkomandi eftirstöðvatíma. |
| 10 | **Þar af eftirstöðvatími ≥ 10 ár, en að undanskildum skuldabréfum með ótakmarkaðan gildistíma**<br>Hlutmengi línu 6 með viðkomandi eftirstöðvatíma. |
| 11 | **Þar af skuldabréf með ótakmarkaðan gildistíma**<br>Hlutmengi línu 6 sem er með ótakmarkaðan gildistíma. |

6. EU TLAC3: Forgangsröðun lánveitanda - skilaaðili

16. Upplýsingarnar í þessu sniðmáti EU TLAC3 eru birtar á stigi einstakra aðila.

17. Sniðmátið EU TLAC3 er til í tveim útgáfum, EU TLAC3a og EU TLAC3b. EU TLAC3a nær yfir alla fjármögnun sem er jafngild eða lægra sett en mögulega hæfir gerningar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, þ.m.t. eiginfjárgrunnur og aðrir fjármagnsgerningar. Fjárhæðir sem eru óhæfar eingöngu vegna krafna um undirskipun skulu teknar með að fullu í línuna sem samsvarar viðkomandi rétthæðarflokki vegna ógjaldfærni, þ.e. án beitingar þaks. EU TLAC3b nær eingöngu yfir eiginfjárgrunn og skuldbindingar sem eru hæfar til að uppfylla kröfuna í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, í samræmi við 45. gr. e þeirrar tilskipunar.

18. Í samræmi við 2. mgr. 14. gr. þessarar reglugerðar, geta aðilar sem ekki falla undir skylduna um að uppfylla kröfuna í 92. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 en falla undir skylduna um að uppfylla kröfuna í 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB í samræmi við 45. gr. e þeirrar tilskipunar valið hvort þeir nota EU TLAC3a eða EU TLAC3b til að uppfylla birtingarkröfuna sem sett er fram í b-lið 3. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB.

19. Frá dagsetningunni þegar ákvæði 3. mgr. 45. gr. i tilskipunar 2014/59/ESB kemur til framkvæmda skulu útgáfuaðilar birta upplýsingar í sniðmáti EU TLAC3a um skuldbindingar sem mögulega eru hæfar til að uppfylla kröfurnar um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og heildartapþol. Fyrir þá dagsetningu skulu útgáfuaðilar birta upplýsingar um skuldbindingar sem mögulega eru hæfar til að uppfylla kröfuna um innra heildartapþol.

20. Útistandandi fjárhæðir sem um getur í línum 2 til 10 verður skipta upp í rétthæðarflokka vegna ógjaldfærni á grundvelli laga um ógjaldfærni fyrir útgáfuaðilann, án tillits til þeirra laga sem gilda um gerninginn.

21. Rétthæðarflokkar vegna ógjaldfærni skulu vera þeir sem lögbæra skilastjórnvaldið hefur tilkynnt um í samræmi við stöðluðu framsetninguna sem tilgreind er í viðkomandi sniðmáti fyrir skýrslugjöf.

22. Röðunin er sett fram frá minnstum forgangi til meiri forgangs. Bæta verður við dálkum fyrir röðunina þar til hinir mögulega hæfu gerningar með mestum forgangi hafa verið birtir.

| Línur | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| 1 | **Lýsing á rétthæð vegna ógjaldfærni (eigin texti)**<br>Fjöldi rétthæðarflokka vegna ógjaldfærni (n) í skuldaröð lánveitanda er háður skuldbindingamengi aðilans. Einn dálkur er fyrir hvern flokk rétthæðar vegna ógjaldfærni. Lýsingin ætti að innihalda nánari skýringu á tegundum krafna sem eru innan þeirra rétthæðarflokka vegna ógjaldfærni (t.d. almennt eigið fé þáttar 1, gerningar undir þætti 2). |
| 2 | **Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur**<br>Fjárhæðir eiginfjárgrunns, hæfra skuldbindinga og skuldbindinga sem flokkast lægra en eða jafngildar eiginfjárgrunni eða hæfum skuldbindingum.<br>Þetta skal einnig innihalda skuldbindingar sem eru undanskildar eftirgjöf.<br>Þessi lína á ekki við í sniðmáti EU TLAC3b. |
| 3 | **Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur – þar af undanþegnar skuldir**<br>Sundurliðun skulda sem undanþegnar eru skv. 2. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og, eftir atvikum, 3. mgr. 44. gr. þeirrar tilskipunar. |

| Línur | Lagastoðir og leiðbeiningar |
|---|---|
| | Þessi lína á ekki við í sniðmáti EU TLAC3b. |
| 4 | **Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur að frádregnum undanþegnum skuldum**<br>Skuldbindingar og eiginfjárgrunnur að frádregnum undanþegnum skuldum.<br>Þessi lína á ekki við í sniðmáti EU TLAC3b. |
| 5 | **Hlutmengi skuldbindinga og eiginfjárgrunnur að frádregnum undanþegnum skuldum sem eru eiginfjárgrunnur og skuldbindingar sem mögulega eru hæfar til að uppfylla lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar/heildartapþol**<br>Sundurliðun fjárhæðar eiginfjárgrunns og skuldbindinga sem hæfar eru að því er varðar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar eða að því er varðar heildartapþol, eftir því sem við á, í samræmi við 19. mgr. hér að ofan, án beitingar þaksins við færsluna á skuldum sem ekki eru víkjandi. |
| 6 | **Þar af eftirstöðvatími ≥ 1 ár < 2 ár**<br>Hlutmengi línu 5 með viðkomandi eftirstöðvatíma. |
| 7 | **Þar af eftirstöðvatími ≥ 2 ár < 5 ár**<br>Hlutmengi línu 5 með viðkomandi eftirstöðvatíma. |
| 8 | **Þar af eftirstöðvatími ≥ 5 ár < 10 ár**<br>Hlutmengi línu 5 með viðkomandi eftirstöðvatíma. |
| 9 | **Þar af eftirstöðvatími ≥ 10 ár, en að undanskildum skuldabréfum með ótakmarkaðan gildistíma**<br>Hlutmengi línu 5 með viðkomandi eftirstöðvatíma. |
| 10 | **Þar af skuldabréf með ótakmarkaðan gildistíma**<br>Hlutmengi línu 5 sem er með ótakmarkaðan gildistíma. |